# FRÉTTABLAÐIÐ

129. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 9. JÚNÍ 2020




Í súld gærdagsins var hlúð að gróðri og sumarblómum komið fyrir í Hljómskálagarðinum. Það styttist í þjóðhátíðardaginn, 17. júní og sveitarfélög keppast við að skreyta torg sín og garða þótt búast megi við að hátíðarhöld verði með breyttu sniði eins og svo margt annað um þessar mundir. Vel hirt beð og útsprungin sumarblóm gleðja augað engu að síður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fjármögnun neyslurýma óljós

**Formaður velferðarráðs borgarinnar segir skýr ákvæði um fjármögnun neyslurýma vanta í reglugerð. Þingmaður í velferðarnefnd segir að ríkið muni greiða fyrir heilbrigðisþjónustuna í neyslurýmunum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, segir að enn vanti ákvæði um fjármögnun neyslurýma í þeim drögum að reglugerð sem heilbrigðisráðuneytið hafi sent inn til umsagnar.

Heiða lagði málið fram í velferðarráði í síðustu viku og var það bókað. „Við fögnum því að þetta sé orðið löglegt. Það er ákveðið skref,“ segir hún. „Við lítum hins vegar svo á að þarna verði að vera heilbrigðisþjónusta og höfum ekkert heyrt meira frá ríkinu með það. En við vonum það besta.“ Samkvæmt skiptingu hins opinbera er heilbrigðisþjónusta á vegum ríkisins en félagsþjónusta á vegum sveitarfélaganna.

Samkvæmt reglugerðardrögunum eru ýmsar skyldur settar á þau sveitarfélög sem vilja koma upp neyslurýmum. Í hverju rými verður að vera vaktstjóri með heilbrigðismenntun og á hverri vakt einn starfsmaður með þekkingu á skaðaminnkun og allt starfsfólk hafi grunnþekkingu í henni.

Hvorki í lögunum né reglugerðardrögunum er fjallað um kostnað sem ljóst er að verður umtalsverður. Í greinargerð er hins vegar fjallað um 50 milljóna króna styrk.

„Ríkið mun standa straum af þeim hluta sem kallast heilbrigðisþjónusta,“ segir Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri grænna, sem situr í velferðarnefnd Alþingis.

Spurður hversu stórt hlutfall af hverju neyslurými sé flokkað sem heilbrigðisþjónusta segir hann of snemmt að segja til um það. „Þetta mun alltaf verða samkomulagsatriði á milli ríkisins og sveitarfélaga.“

**– khg /** **sjá síðu 4**

> **Við fögnum því að þetta sé orðið löglegt.**
>
> Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs



## Segja VAR-kerfi OZ byltingu

**FÓTBOLTI** Þóroddur Hjaltalín, formaður dómaranefndar KSÍ, segir nýtt VAR-kerfi hugbúnaðarfyrirtækisins OZ byltingu. Það var prófað í leik KR og Víkings um meistara meistaranna en var þó ekki tengt við dómarana. „Þetta hafði engin áhrif á leikinn. Við vorum bara að prófa og þetta er nánast bylting. Þetta er kerfi sem gjörbreytir öllu umhverfi varðandi kostnað og annað.“

Milliríkjadómarinn Vilhjálmur Alvar Þórarinsson starfar hjá OZ og hefur unnið að þróun kerfisins. Hann segir enn langt í land en að kerfið hafi virkað frábærlega í umræddum leik.

Þóroddur segir dómara koma vel undan COVID en hefur smá áhyggjur af álaginu. **– bb /** **sjá síðu 12**


MITSUBISHI L200

Kynningarverð 8.590.000 kr.

Intense útgáfa. 35" breyttur með dráttarkrók & heithúðun á palli.



HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · hekla.is/mitsubishisalur

MITSUBISHI MOTORS Drive your Ambition

## Veður




Suðaustan 8–13 m/s og víða rigning, sums staðar talsverð rigning sunnanlands. Skýjað og úrkomulítið norðaustan til á landinu. Lægir og dregur úr úrkomu í kvöld og nótt, fyrst vestast. SJÁ SÍÐU 16



Tjaldsvæði landsins verða væntanlega vinsælli í sumar en oft áður.

# Hjólhýsin rjúka út og fellihýsin eru gulls ígildi

**FERÐALÖG** Landsmenn virðast staðráðnir í að ferðast innanlands í sumar, enda ekki margir aðrir kostir í boði. Kristín Anný Jónsdóttir, sölustjóri hjá Víkurverki, segist aldrei hafa séð aðra eins sölu á hjól- og fellihýsum og núna.

> **Ég er bara á enter-takkanum að panta fleiri hús.**
>
> Kristín Anný Jónsdóttir, sölustjóri hjá Víkurverki

„Ég er búin að vinna í þessu síðan 2002 og ég segi alltaf að það sé mikið að gera en núna er þetta brjálað. Ég hef ekki upplifað svona síðan ég byrjaði í þessu.“ Hún segir fjölmargar tegundir hjól- og fellihýsa uppseldar. „Ég er bara á enter-takkanum að panta fleiri hús.“

Hún segir að á síðustu árum hafi verið pantað afar lítið af fellihýsum til landsins og vantar því fleiri til sölu. „Fellihýsi í dag eru bara eins og gull, þau seljast nánast strax,“ segir Kristín.

Hún segir hjólhýsin vinsæl og að verið sé að panta inn fleiri. Vel hefur gengið að koma þeim til landsins. Einstaka hús hafa tafist vegna COVID-19 en flestöll eru seld áður en þau koma til landsins. **– mhj**

# Þá var kátt í Hallargarðinum



Í gær hófst enn eitt starfsárið hjá Brúðubílnum og var fyrsta sýning sumarsins í Hallargarðinum vel sótt. Brúðubíllinn fer víða þetta sumarið en hann sýnir í júní og júlí í öllu veðri. Börnin skemmtu sér vel eins og endranær og við sögu komu þekktar persónur eins og Lilli, Blárefurinn og Úlli úlfur og fleiri. Ekkert kostar að sjá sýningarnar og öllum er heimill aðgangur. Hver sýning tekur hálftíma að jafnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Athugun hætt

**ALÞINGI** Frumkvæðisathugun stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á hæfi Kristjáns Þórs Júlíussonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í ljósi stöðu hans gagnvart útgerðarfyrirtækinu Samherja, hefur verið hætt.

Meirihluti nefndarinnar ákvað fyrir helgi að klára málið með bókun en einnig var samþykkt að óska úrskurðar forseta Alþingis um hvernig ljúka megi frumkvæðisathugunum þingnefnda.

Í bókun meirihlutans segir að frekari könnun sé tilgangslaus og ekki sé tilefni til frekari umfjöllunar.

Ágreiningur er milli nefndarmanna um hvernig ljúka skuli málinu en minnihluti telur málið ekki fullrannsakað.

„Ágreiningur er því um framhald málsins á milli þess hluta nefndarmanna sem óskaði eftir frumkvæðisathuguninni og meirihlutans sem frá upphafi var mótfallinn því að þessi athugun færi fram,“ segir í bókun minnihlutans. **– aá, ilk**

# Bjóða Mývetningum fría sálfræðiþjónustu

**Öllum íbúum í Skútustaðahreppi verður boðin ókeypis sálfræði- og heilsuráðgjöf út næsta ár. Sveitarstjórinn segir lykilatriði að hlúa að fólkinu í sveitinni. Mest hamingja mælist meðal elstu íbúanna en minni hjá þeim yngri.**

**SAMFÉLAG** „Við munum bjóða upp á þetta fyrir alla íbúa hér það sem eftir lifir af þessu ári og það næsta. Viðmiðið er þrír tímar á hvern íbúa,“ segir Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri í Skútustaðahreppi, en öllum íbúum hreppsins verður tryggð ókeypis sálfræði- og heilsuráðgjöf út næsta ár.

Um er að ræða tilraunaverkefni sem unnið er í samstarfi við Sálfræðiþjónustu Norðurlands. Sveitarfélagið stendur straum af kostnaði við verkefnið. „Þetta er hluti af hamingjuverkefni okkar hér í Mývatnssveit, en við erum búin að vinna að því í tæp tvö ár að auka hamingju Mývetninga,“ segir Þorsteinn. „Við höfum í tvígang gert könnun meðal íbúanna um líðan þeirra og erum því komin með góða mynd af því hvar veikleikarnir liggja,“ bætir hann við.

Niðurstöður kannananna tveggja hafa sýnt að elstu íbúar hreppsins séu þeir hamingjusömustu en að huga þurfi betur að unga fólkinu á svæðinu. „Við höfum áhyggjur af þessum hópi, unga fólkinu, það kemur ekki nógu vel út svo við höfum sett af stað sérstök úrræði fyrir þann hóp,“ segir Þorsteinn og á þar við forvarnarstarf sem unnið verður með krökkum í 8.–10. bekk.

„Við köllum þetta náttúrumeðferð og í henni felst að styrkja unga fólkið okkar og nýta til þess náttúruna. Svo verðum við með sambærilegt námskeið fyrir ungt fólk á aldrinum 16–25 ára og þetta er allt öllum að kostnaðarlausu líkt og sálfræðitímarnir og heilsuráðgjöfin,“ segir hann.

Þorsteinn segir áhuga Mývetninga á verkefninu greinilegan og að fólk sé strax farið að panta tíma.



Mývetningar fá ókeypis sálfræðitíma, allt að þrjá tíma á mann.

> **Það hafa allir tekið vel í þetta og við höfum fengið mikið hrós frá íbúum.**
>
> Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri í Skútustaðahreppi



„Það hafa allir tekið vel í þetta og við höfum fengið mikið hrós frá íbúum. Þetta er stórt skref að stíga fyrir marga en þörfin er greinilega fyrir hendi,“ segir hann.

Þá segir hann samstarfið við Sálfræðiþjónustu Norðurlands hafa gengið vel og að verkefnið hefði ekki getað orðið að veruleika á betri tíma. „Stóra verkefnið okkar er að auka hamingju Mývetninga og allt miðar þetta að því. Við vorum byrjuð á þessu verkefni löngu áður en COVID-19 faraldurinn hófst en ég held að þörfin fyrir það að huga að andlegri heilsu hafi þó jafnvel aukist í kjölfar hans,“ segir Þorsteinn, en atvinnulífið í Mývatnssveit byggir að miklu leyti á komu ferðafólks í sveitina.

„Það stefnir í 30 prósent atvinnuleysi hérna hjá okkur og tekjusamdráttur sveitarfélagsins er áætlaður 25 prósent, svo frí sálfræðiaðstoð og heilsuráðgjöf kemur sér líklega vel fyrir marga,“ segir Þorsteinn. „Við erum ágætlega í stakk búin til að takast á við þetta högg og verðum komin aftur á fulla ferð eftir eitt til tvö ár, en í svona aðstæðum er lykilatriði að hlúa að fólkinu hérna í sveitinni og það er það sem við erum að gera.“

**birnadrofn@frettabladid.is**


# Vélorf
## atvinnumannsins
## og þeirra sem gera kröfur

Japönsku MITOX-Kawasaki vélorfin hafa um árabil verið val atvinnumannsins þegar kemur að því að velja öflugt og endingargott vélorf í krefjandi slátt.



MITOX
Powered by Kawasaki

ÞÓR HF

| Reykjavík: | Akureyri: | Opnunartími: | Vefsíða og netverslun: |
|---|---|---|---|
| Krókháls 16 | Baldursnes 8 | | |
| 110 Reykjavík | 603 Akureyri | Opið alla virka daga | www.thor.is |
| Sími 568-1500 | Sími 568-1555 | Lokað um helgar | |

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# Tryggðu þig strax

**toyotatryggingar.is**

**Það er létt, fljótlegt og öruggt að tryggja sig með Toyota á netinu.** Þú færð viðurkennda varahluti og bílaleigubíl til afnota allan viðgerðartímann. Að viðgerð lokinni færðu svo bílinn til baka – tandurhreinan að utan.*



TOYOTA TRYGGINGAR
VÁTRYGGT AF TM

*Á einungis við ef um kaskótjón er að ræða og ef viðgerð fer fram hjá viðurkenndum þjónustuaðila Toyota á Íslandi.

# Allir smálánaskuldarar teknir af vanskilaskrá hjá Creditinfo

**NEYTENDUR** Creditinfo riftir samningum við innheimtuaðila ef sendar eru inn kröfur sem ekki er heimilt að skrá og ekki afhent gögn sem sýna fram á réttmæti skráningar á vanskilaskrá. Creditinfo rifti í vor samningum við Almenna innheimtu, sem séð hefur um innheimtu fyrir smálánafyrirtækið eCommerce2020.

Danska fjármálaeftilitið tilkynnti eCommerce2020 nýverið til lögreglu vegna gruns um brot á lögum um peningaþvætti.

Í maí úrskurðaði úrskurðarnefnd lögmanna að Almenn innheimta, sem sá um innheimtu fyrir eCommerce 2020, hefði brotið innheimtulög.

Hlaut Gísli Kr. Björnsson, lögmaður og eigandi Almennrar innheimtu áminningu frá Lögmannafélaginu.

**»** Danska fjármálaeftirlitið tilkynnti eCommerce 2020 nýverið til lögreglu vegna gruns um brot á lögum um peningaþvætti.

Í sama mánuði staðfesti kærunefnd neytendamála þá ákvörðun Neytendastofu að íslensk lög giltu um lán eCommerce2020 þótt það væri skráð í Danmörku.

Í apríl var starfsemi eCommerce 2020 seld og flutt til Íslands og hefur viðskiptasafn þess verið fært inn í félagið Núnú lán ehf.

Creditinfo vill ekki tjá sig um málefni fyrrverandi viðskiptavina, en staðfestir að þegar samningi sé rift séu allir sem hafi verið settir á vanskilaskrá teknir af skrá. Þá mun skráning sem hefur verið fjarlægð með samningsslitum ekki hafa áhrif á lánstraust. **– ab**



**Mannskæð snjóflóð féllu á Flateyri árið 1995.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Sagaði niður minningaraspir um snjóflóð

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Vestfjarða dæmdi þriðjudaginn 2. júní Svein Yngva Valgeirsson sekan um að hafa sagað niður níu aspir á Flateyri, en þær voru gróðursettar til minningar um þá sem létust í snjóflóðunum í bænum árið 1995. Var honum gert að greiða 200 þúsund krónur í sekt og rúmlega 640 þúsund í málskostnað.

**»** Aspirnar níu voru gróðursettar til minningar um snjóflóðin á Flateyri árið 1995.

Aspirnar stóðu í bæjarlandi á milli húsa númer 4 og 6 á Drafnargötu þar sem Sveinn bjó. Fyrir dómi sagðist hann hafa óskað eftir því hjá áhaldahúsinu að eitthvað yrði gert varðandi aspirnar, sem yxu og slægjust í húsið. Þakið væri auk þess þakið kvoðu af þeim.

Hann hefði tekið ákvörðun um að saga þær niður þegar drengur féll á höfuðið á stígnum þar sem þær stóðu. Sagðist hann hafa fjarlægt trén á eigin kostnað og ætlað að setja víði í staðinn. Taldi hann sig hafa verið að gera sveitarfélaginu greiða.

Garðyrkjufulltrúi Ísafjarðarbæjar, Matthildur Ása Hauksdóttir, sagðist aldrei hafa rætt við Svein og hann hefði aldrei haft samband við hana. Aldrei hefði hún heyrt að þessi tré hefðu verið einhverjum til ama. **– khg**

# Heilbrigðisþjónusta sé kostuð af ríkinu í neyslurýmunum

**Hvorki er fjallað um kostnað við neyslurými í nýsamþykktum lögum né drögum að reglugerð. Fulltrúi Vinstri grænna í velferðarnefnd Alþingis segir að ríkið muni standa straum af kostnaði við heilbrigðisþjónustu en óljóst sé hve stór hluti starfseminnar falli þar undir eða flokkist sem félagsleg þjónusta.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Frumvarp heilbrigðisráðherra um neyslurými, fyrir þá sem nota fíkniefni í æð, var samþykkt þann 20. maí með yfirgnæfandi stuðningi, 42 á móti tveimur atkvæðum á Alþingi. Sagði ráðherra að með lagasetningunni væri verið að stíga fyrsta raunverulega skrefið í átt að skaðaminnkun og verið að bjarga mannslífum.

Samkvæmt reglugerðardrögunum eru ýmsar skyldur settar á þau sveitarfélög sem vilja koma upp neyslurýmum. Í hverju rými verður að vera vaktstjóri með heilbrigðismenntun og á hverri vakt einn starfsmaður með þekkingu á skaðaminnkun og allt starfsfólk hafi grunnþekkingu í henni.

Í rýminu verði notendum veittar ráðleggingar um sprautubúnað og notkun, hreinlæti, heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og notendum veitt einstaklingsmiðuð ráðgjöf í tengslum við neyslu. Einnig verði búnaði dreift og fargað, hreinsað og búið að sárum, blóðþrýstingur mældur og haft eftirlit með notandanum í rýminu. Þá verði þar að vera sturtuaðstaða fyrir notendur og svæði til að jafna sig eftir neysluna.

Hvorki í lögunum né drögunum er fjallað um kostnað sem ljóst er að verður umtalsverður. Í greinargerð er hins vegar fjallað um 50 milljóna króna styrk. Höfðu nokkur sveitarfélög, svo sem Reykjavík, Kópavogur og Akureyri, bent á að sveitarfélögin gætu ekki staðið straum af starfseminni þar sem um heilbrigðisþjónustu væri að ræða.

„Ríkið mun standa straum af þeim hluta sem kallast heilbrigðisþjónusta,“ segir Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri grænna, sem situr í velferðarnefnd Alþingis.



**Heiða telur eitt neyslurými, miðsvæðis í Reykjavík, nóg til að byrja með.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**„** Þetta mun alltaf verða samkomulagsatriði á milli ríkisins og sveitarfélaga.

Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður



Spurður um hversu stórt hlutfall af starfseminni sé flokkað sem heilbrigðisþjónusta segir hann of snemmt að segja til um það. „Það kunna einhver sveitarfélög að velja að hafa mikið af þeirri félagsþjónustu sem notendurnir myndu annars fá þarna inni. Þá verður félagsþjónustuhlutinn þyngri en hann væri annars. Þetta mun alltaf verða samkomulagsatriði á milli ríkisins og sveitarfélaga.“

Segir hann að sveitarfélögin verði að svara því hvort þau treysti sér til að koma neyslurýmum á laggirnar með þeim stuðningi frá ríkinu sem lofað er. „Það liggur ekki fyrir en við vonum að svo verði,“ segir hann.

Heiða B. Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs, segir að eitt rými á höfuðborgarsvæðinu ætti að vera nóg, svona til að byrja með.

„Óskandi væri að geta opnað eitt neyslurými, miðsvæðis í Reykjavík, og sjá hvort þetta sé það sem þessi hópur óskar eftir,“ segir hún.

Hún segir að staðsetning þess hafi ekki verið rædd. „Við myndum líka vilja eiga samtal við lögregluna, bæði hvað varðar staðsetninguna og lagalega stöðu okkar starfsfólks.“

Samkvæmt drögunum yrði starfsfólki, og öðrum, óheimilt að aðstoða notendur við að sprauta sig. Jafnframt væri skylt að kalla lögreglu til ef notandi er með meira magn af fíkniefnum en fyrir sjálfan sig. **kristinnhaukur@frettabladid.is**



ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep




ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.590 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 8.–14. JÚNÍ 2020 DOMINOS.IS | 58 12345 | DOMINO'S APP

# Boða átak í hreinsunum á Kársnesi

**Íbúar í nýbyggingum á Kársnesi eru ósáttir við sóðaskap rekstraraðila á svæðinu og telja að yfirvöld dragi lappirnar við að laga ástandið. Heilbrigðiseftirlit Kópavogs segir að umgengni hafi skánað en til standi að grípa til harðari aðgerða gegn sóðunum.**



Deilt hefur verið um druslur og drasl á Kársnesi undanfarin misseri. Íbúar segja að slysahætta sé af sóðaskap rekstraraðila á svæðinu. Yfirvöld boða að átak sé yfirvofandi til þess að laga ástandið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**KÓPAVOGUR** Íbúar nýrra fjölbýlishúsa sem hafa risið á Kársnesinu á undanförnum árum eru orðnir langþreyttir á meintum sóðaskap og tillitsleysi nágranna sinna sem starfa við margs konar iðnað. Hafa sumir íbúa kvartað margsinnis við bæjaryfirvöld vegna ástandsins og telja að ekki sé nægilega mikið gert til að stemma stigu við vandanum.

Ein þeirra er Lilja Ósk Sigurðardóttir sem fjárfesti í íbúð á svæðinu í byrjun árs. „Ég hef fullan skilning á því að verið er að þrengja að iðnaðinum sem verið hefur hérna um árabil en það réttlætir þó ekki sóðaskapinn og tillitsleysið sem hér hefur viðgengist. Menn halda sig ekki innan sinna lóða með tæki og tól auk þess sem í bakgarðinum hjá mér eru bílhræ á víð og dreif. Þá er ekki hirt um ryk, ryðgaða nagla og glerbrot á svæðinu.

Ég tel mikla slysahættu vera af þessu og hef ítrekað bent bæjaryfirvöldum á það en finnst viðbrögðin vera dræm. Ég vona að hér þurfi ekki að verða slys til að hlutirnir fari að hreyfast til betri vegar,“ segir Lilja Ósk.

Hún segir að um ótrúlegt svæði verði að ræða ef tekið verði á sóðunum. „Þetta er mögnuð staðsetning og ég vil taka það fram að margir rekstraraðilar eru að standa sig vel. Ég held að þessi blandaða byggð geti orðið einstök ef yfirvöld beita valdheimildum sínum til þess að tryggja betri umgengni hjá nokkrum aðilum,“ segir Lilja Ósk.

Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs, kannast vel við ósættið milli aðila í hverfinu og að ástandið hafi verið slæmt. „Það er alveg rétt að umgengnin hefur ekki verið nægilega góð á þessu svæði. Það er mikil umbreyting á hverfinu að eiga sér stað og til skamms tíma er eðlilegt að einhver núningur verði,“ segir Hörður.

Með það að leiðarljósi reyni yfirvöld í lengstu lög að vinna málin í sátt og samlyndi en ef ekki verður brugðist við ítrekuðum kvörtunum verði að grípa til harðari aðgerða. „Við erum ekki komin út í ystu mörk þeirra valdheimilda sem við getum gripið til. Við tökum átak í því á dögunum að bæta umgengni á bæjarlóðum í hverfinu og það hafði áhrif,“ segir Hörður.

Árangurinn var þó ekki nægjanlegur og því verður farið í frekari aðgerðir til þess að bæta umgengnina. Málið var rætt á fundi bæjarins og Heilbrigðiseftirlitsins í maí og þar var meðal annars bent á að komið hefði verið fyrir gámum til þess að tryggja að fyrirtæki gætu skilað af sér drasli auk þess sem fyrirtæki voru hvött til betri umgengni. Í síðustu viku var lagt fram minnisblað á fundi bæjarráðs þar sem farið var yfir þríþætta áætlun sem er í vinnslu. Reynt verður í lengstu lög að fá rekstraraðila til samstarfs um hreinsun svæðisins en ef ekki er gripið til aðgerða mun Kópavogsbær gefa út viðvaranir. Ef þær viðvaranir verða virtar að vettugi mun heilbrigðiseftirlit svæðisins gefa út formlegar viðvaranir með tilvísun í hollustuhætti og mengunarvarnir. Ef það verður einnig hunsað verða hlutir sem hætta stafar af fjarlægðir af lóðum í hverfinu.

> **Við erum ekki komin út í ystu mörk þeirra valdheimilda sem við getum gripið til.**
>
> Hörður Þorsteinsson



Hörður segist harma að þurfa að ganga svo langt og furðar sig á tillitsleysi fárra rekstraraðila. „Það virðist vera séríslenskt fyrirbrigði að leyfa bílhræjum að grotna niður á víðavangi og það er okkur til mikilla lýta,“ segir Hörður.

Fréttablaðið náði ekki tali af þeim rekstraraðilum sem sakaðir eru um mesta sóðaskapinn þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

bjornth@frettabladid.is

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA
ÆFINGASTÖÐ SLF · REYKJADALUR

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra verður haldinn í húsnæði félagsins Reykjadal Mosfellsbæ.
þriðjudaginn 16. júní kl. 17,00.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf í samræmi við 4. gr. í skipulagsskrá Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Stjórnin

RÝMI OFNASMIÐJAN
METALSISTEM®
Gott verð og góð þjónusta
Nú fæst METALSISTEM® hillukerfið í Rými



Rými Ofnasmiðjan | Gylfaflöt 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is



Á upplýsingafundinum í gær kom fram að ekki verði tekið við vottorðum erlendra ferðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tölfræðin nýtist í rannsóknir á COVID

**COVID-19** Tölfræði úr sýnatöku ferðamanna sem koma hingað til lands eftir 15. júní næstkomandi verður nýtt í rannsóknir til að kanna útbreiðslu kórónaveirunnar hjá ferðamönnum.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra greindi frá þessu á blaðamannafundi í Ráðherrabústaðnum í gær.

Allir farþegar verða upplýstir um að sú tölfræði sem verður til við sýnatökuna kunni að verða nýtt í rannsóknir. „Enda eru þetta mikilvæg gögn sem segja okkur hve raunveruleg útbreiðsla er hjá þeim sem eru að koma hingað til lands,“ segir Katrín en greindi einnig frá því að öllum sýnum yrði eytt að lokinni töku.

Í gær var vika í að landið verði opnað á ný og forsætisráðherra segir undirbúning vera að íslenskum hætti. „Þannig að við verðum væntanlega fram á síðustu mínútu að ljúka undirbúningi fyrir skimunina.“

> **Þannig að við verðum væntanlega fram á síðustu mínútu að ljúka undirbúningi fyrir skimunina.**
>
> Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

Farþegum verður gert að borga 15 þúsund krónur fyrir sýnatöku kjósi þeir að sleppa við 14 daga sóttkví. Katrín segir að gjaldtakan byggi á raunkostnaði við skimunina; hvað kosti að taka sýni, greina og flytja það. Sýnataka verður þó ókeypis fyrstu tvær vikurnar.

Fram kom í máli Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis á fundinum að ekki yrði tekið við vottorðum frá ferðamönnum nema ef um íslensk vottorð er að ræða, til að mynda frá Íslendingum sem hafa farið utan og komið aftur.

„Þetta er nokkur stefnubreyting frá fyrri yfirlýsingum frá mér,“ sagði Þórólfur en áður var áformað að ferðamenn hefðu val milli skimunar eða að skila inn vottorði.

„Eftir nánari umræður og umhugsun þá sáum við fram á að þetta yrði mjög erfitt í framkvæmd á landamærastöðvum hér og gæti gert málið snúnara og erfiðara.“

Að sögn Þórólfs var einnig litið til þess að enn sem komið er séu hvorki til nein alþjóðavottorð um veikindi né mótefnamælingar og því hafi verið ákveðið að bíða með það. „Eins og annað í þessu ferli er það til sífelldrar endurskoðunar,“ sagði hann.

„Þetta ferli verður í sífelldri endurskoðun þannig að hægt verði að breyta áherslum skimunarinnar með vaxandi reynslu og vitneskju og hún fæst einungis með því að fara af stað,“ sagði Þórólfur og bætti við að mögulega myndu niðurstöður hjálpa til við að aflétta ferðatakmörkunum. Íslensk erfðagreining og veirufræðideild Landspítala geta tekið við allt að 2.000 sýnum á sólarhring og takmarkar það fjölda ferðamanna sem hingað geta komið hvern sólarhring. – **ilk, fbl**


vodafone
Enski boltinn á 1.000 kr!
Vodafone býður Símann Sport á 1.000 kr. á mánuði út þetta keppnistímabil.
Pantaðu áskrift á Vodafone.is



**Blómahaf við vettvang morðsins í miðborg Stokkhólms.** MYND/EPA

## Morðvopnið sagt fundið

**SVÍÞJÓÐ** Byssan sem notuð var til að myrða Olof Palme, þáverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, er fundin. Þessu greinir sænska dagblaðið Aftonbladet frá og hefur eftir Daniel Suhonen, áhrifamanni innan sænska Jafnaðarmannaflokksins.

Á morgun verða niðurstöður rannsóknar embættis ríkissaksóknara á þessu rúmlega 34 ára gamla máli kynntar. Samkvæmt heimildum Aftonbladet hefur ráðherrum í sænsku ríkisstjórninni þegar verið gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar.

Sonny Björk, fyrrverandi yfirmaður tæknideildar lögreglunnar, sagði í viðtali við sænska ríkisútvarpið SVT að frá 1988 til 2012 hefðu meira en 400 byssur verið prófaðar til að bera saman við byssukúlurnar sem hæfðu Palme. **– sar**



**Elfa Ýr Gylfadóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Yfir sjö þúsund hafa tekið þátt

**FJÖLMIÐLAR** Rúmlega sjö þúsund manns hafa tekið þátt í spurningaleik í tengslum við árvekniátakið Stoppa-hugsa-athuga, þá hafa rúmlega fimmtán þúsund heimsótt vef fjölmiðlanefndar til að lesa sér til um falsfréttir. Einnig hafa rúmlega 175 þúsund manns horft á myndband verkefnisins.

Átakið er auglýst í gegnum samfélagsmiðlana Facebook og Instagram og er greitt af Facebook líkt og sambærileg verkefni í öðrum löndum.

Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar, segir að endanlegar tölur liggi fyrir í lok átaksins eftir tvær vikur. Þá liggur ekki fyrir hvernig þátttakendum í spurningaleiknum gekk að bera kennsl á falsfréttir. **– ab**

## Krjúpa í þögn



Þingmennirnir bandarísku Cory Booker, Charles Schumer , Kamala Harris, Nancy Pelosi, Karen Bass og Steny Hoyer heiðruðu minningu George Floyd í þinginu í Washington í gær. Það gerðu þau með því að krjúpa á kné í þögn sem varði í átta mínútur og 46 sekúndur, eða jafnlengi og lögreglumaður þrengdi svo að öndunarvegi Floyds við handtöku að hann lést. Í kjölfarið reis upp mótmælaalda sem ekki sér fyrir endann á. MYND/GETTY

# Loftbrýr Breta ekki til Íslands

**Þrýst er á bresk stjórnvöld að víkja frá kröfum um tveggja vikna sóttkví við komu til landsins fyrir ferðamenn frá tilteknum löndum. Ísland er ekki í hópi þeirra 45 landa sem skoðað er að mynda loftbrú til.**

**BRETLAND** Vegna þrýstings frá ferðaþjónustunni er nú til skoðunar í breska þinginu að víkja frá kröfum um 14 daga sóttkví eftir komu frá ákveðnum löndum. Samkvæmt samgönguráðherranum Grant Shapps er um svokallaðar „loftbrýr“ að ræða, en tillagan hafi komið frá þingmanninum Huw Merriman. Samið yrði um að fólk sem kæmi frá Bretlandi til þessara sömu landa þyrfti ekki að fara í sóttkví.

Skilyrði fyrir þessum loftbrúm er að viðkomandi lönd séu að ná góðum tökum á COVID-19, séu efnahagslega mikilvæg Bretlandi og hafi lága R-tölu. R-talan á að sýna hversu marga hver smitaður einstaklingur smitar af veirunni. Ef R-talan er undir 1 er faraldurinn á niðurleið í viðkomandi landi.

Ýmsir þættir geta haft áhrif á þessa tölu. Samkvæmt Yuliyu Kyrychko, doktor í stærðfræði við Sussex-háskóla, hækkaði talan í Þýskalandi úr 0,7 í 0,96 um miðjan apríl þegar slakað var á takmörkunum þar í landi.




**Ísland var á tíu landa óskalista óháðra ferðaskrifstofa í Bretlandi. Það dugði ekki til að landið yrði á þeim lista sem nú er miðað við.** MYND/GETTY

Alls er til skoðunar að stofna slíkar loftbrýr við 45 lönd, flest í Evrópu, Norður-Afríku og Norður-Ameríku. Ísland er eitt af örfáum Evrópuríkjum sem eru ekki á listanum, en meðal annarra eru Rússland og Úkraína á honum.

Listinn er að miklu leyti byggður á tillögum frá breskum flugfélögum. Fyrr í mánuðinum birtu samtök óháðra ferðaskrifstofa í Bretlandi sinn óskalista yfir tíu lönd og var Ísland þeirra á meðal.

Reglur um tveggja vikna sóttkví við komuna til Bretlands tóku gildi í gær. Farþegar þurfa að fylla út rafrænt eyðublað með upplýsingum um ferðatilhögun og dvalarstað meðan á sóttkví stendur.

> **Skilyrði eru að lönd hafi náð góðum tökum á faraldrinum, hafi lága R-tölu og séu efnahagslega mikilvæg Bretlandi.**

Þeir sem ekki fylla út eyðublaðið geta átt von á hundrað punda sekt, sem jafngildir tæplega 17 þúsund krónum. Við broti á reglum um sóttkví getur sektin hins vegar orðið tíföld sú upphæð og erlendir ríkisborgarar eiga á hættu að verða vísað úr landi. Þrjú stærstu flugfélög Bretlands, British Airways, Ryanair og EasyJet, hafa leitað til dómstóla í von um að fá reglum um sóttkví hnekkt. Þau telja það óskilvirkt og órökrétt að setja slíkar reglur svo seint í faraldrinum. Þetta gæti fælt ferðamenn frá landinu í langan tíma eftir að reglurnar falla úr gildi.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**




HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN
KING KOIL
KING KOIL LUXURY CADENCE
KOMDU OG UPPLIFÐU NÝJA TILFINNINGU
Í AMERÍSKUM HEILSURÚMUM.
★★★★★
SJÓN ER SÖGU RÍKARI
KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS
„Svefngæðin jukust hjá mér og ég vakna úthvíldari eftir að ég fór að sofa á King Koil.
Ég mæli persónulega og faglega með King Koil."
Magni Bernhardsson B.Sc. D.C.
Kírópraktor/ Framkvæmdastjóri
Kírópraktorstofa Íslands
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

# Kveðjum olíuna



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Getur Ísland orðið olíulaust árið 2035? Ályktun á þá leið var samþykkt á aðalfundi Landverndar um síðastliðna helgi. Þar eru sett fram metnaðarfull og tímasett markmið sem stjórnvöld eru hvött til að setja sér í þessum efnum. Þannig er lagt til að innflutningur á bílum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti verði bannaður frá árinu 2023. Í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum sem kynnt var fyrir tæpum tveimur árum er gert ráð fyrir að nýskráningar slíkra bíla verði bannaðar frá og með 2030.

Hreinorkubílar eru í dag tæp sjö prósent fólksbílaflotans hér á landi. Frá ársbyrjun 2019 er hlutfall hreinorkubíla af nýskráningum hins vegar tæpur þriðjungur. Það miðar því í rétta átt en hafa ber í huga að meðalaldur bílaflotans hér er rúm tólf ár sem er hærri en gerist innan ESB. Full ástæða er því til að taka undir með Landvernd um nauðsyn þess að flýta orkuskiptum í vegasamgöngum. Í því samhengi má einnig benda á að losun frá vegasamgöngum á Íslandi jókst um 85 prósent milli áranna 1990 og 2018.

Í fyrrnefndri ályktun eru einnig sett fram markmið um jarðefnaeldsneytislausar almenningssamgöngur á landi frá 2025. Sama markmiði verði náð fyrir samgöngur á landi og sjó árið 2030. Einnig er fjallað um rafvæðingu í flugsamgöngum. Þar eru gríðarleg sóknarfæri enda fylgir flugi umtalsverð losun gróðurhúsalofttegunda. Þótt vissulega sé enn nokkuð langt í land í þeim efnum er þróunin hröð.

Í síðustu viku flaug rafmagnsflugvél tæplega hálftíma langt tilraunaflug í Washington-ríki Bandaríkjanna. Vélin, sem rúmar níu farþega, er stærsta rafmagnsvélin sem flogið hefur. Fram undan eru fleiri prófanir en vonir eru bundnar við að flugmálayfirvöld gefi grænt ljós á hönnunina seint á næsta ári. Roei Ganzarski, forstjóri fyrirtækisins sem framleiðir rafmagnsbúnaðinn sem knýr vélina, segir að rekstrarkostnaður rafmagnsvélanna sé um 40 til 70 prósentum lægri en hefðbundinna véla. Hann segist búast við því að innan 15 ára verði allar flugferðir í heiminum styttri en þúsund mílur orðnar rafvæddar. Það er álíka langt flug og frá Keflavík til Manchester á Englandi. Rúmur helmingur allra ferða í farþegaflugi í heiminum er styttri en þúsund mílur.

Tækifærin til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis eru svo sannarlega til staðar og er Ísland í góðri stöðu til að nýta þau. Loftslagsáætlun stjórnvalda var kynnt með þeim orðum að hún þyrfti í raun að vera í stöðugri endurskoðun. Vonandi verða tillögurnar um olíulaust Ísland 2035 teknar til alvarlegrar skoðunar í því samhengi. Samkvæmt nýrri könnun sem Landvernd lét gera telja rúm 60 prósent að stjórnvöld eigi að taka áskoranir vegna loftslagsbreytinga jafn alvarlega og áskoranir vegna COVID-19. Aðeins 17 prósent eru því ósammála. Þetta eru skilaboð sem stjórnvöld ættu að hafa í huga.

**Tækifærin til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis eru svo sannarlega til staðar og er Ísland í góðri stöðu til að nýta þau.**

Halldór




## Frá degi til dags

**Áframsókn**

**Það hefur löngum einkennt flokk Framsóknar að hann sér um sína. Nú hefur verið greint frá að lögmaður einn situr í nær öllum stjórnum og nefndum sem flokkurinn hefur haft tök á að skipa í og þá helst í forystu. Fyrir helgina var greint frá því að lögmaðurinn var skipaður formaður fjölmiðlanefndar þegar fyrir lá að búið var að ræða við annan kandídat um að taka að sér þessa forystu. Sá kennir fjölmiðlarétt og hefur skrifað kennslubók um fyrirbærið. RÚV greindi frá að lögmaðurinn sem skipaður var formaður hefði sáralitla reynslu af fjölmiðlarétti. Þessi sami lögmaður var líka í forystu hæfisnefndar þegar ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneyti var skipaður. Sá er líka framsóknarmaður. Til hvers að vera hæfur ef það dugar að vera bara framsóknarmaður – kannski með stóru effi?**

**Kemur víða við**

**En þessi tiltekni lögmaður fæst við sitthvað. Sögð er sú saga að hann hafi verið fenginn til að semja auglýsinguna þegar lýst var eftir áhugasömum í starf ráðuneytisstjórans. Sé sú saga rétt er þar komin skýringin á því að hann settist í hæfisnefndina til að raða upp umsækjendum. Hver er betur til þess fallinn en sá sem samdi auglýsinguna?**

# Hinar heilbrigðisstéttirnar



Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM

Það er vel geymt leyndarmál að á Íslandi starfa 33 löggiltar starfsstéttir í heilbrigðisþjónustu. Í þeim stóra hópi eru m.a. ljósmæður, lífeindafræðingar, iðjuþálfar, geislafræðingar, þroskaþjálfar, félagsráðgjafar, sálfræðingar, náttúrufræðingar, sjúkraþjálfarar og talmeinafræðingar. Hvert mannsbarn þekkir til lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða en starfsstéttirnar sem ég nefndi áður virðast ekki jafn vel þekktar þótt þær séu allar orðnar rótgrónar. Það má þó teljast líklegt að farsóttin sem herjað hefur á landsmenn hafi opnað augu almennings fyrir störfum fleiri heilbrigðisstétta, t.d. lífeindafræðinga og náttúrufræðinga. Eða hver skyldu hafa greint öll sýnin sem tekin voru og greind á Landspítalanum og hjá Íslenskri erfðagreiningu?

Fjöldi heilbrigðisstétta og menntun þeirra segir langa og merkilega sögu um framfarir í heilbrigðisþjónustu. Í nútímasamfélagi byggir góð heilbrigðisþjónusta á samvinnu fagstétta sem fram fer á jafnræðisgrundvelli. Óhætt er að fullyrða að best þjónusta er veitt þegar þverfagleg teymi leiða þjónustu við sjúklinga, aldraða, fatlað fólk og aðra sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda. Í kjölfar COVID-19 faraldursins þarf að huga sérstaklega að forvörnum, stuðningi og endurhæfingu fólks. Fyrir utan þau sem veiktust af veirunni og þarfnast endurhæfingar þá er uppsöfnuð þörf til staðar hjá fólki sem hefur lengi verið án þjónustu sjúkra-, iðju- eða þroskaþjálfa. Viðkvæmir hópar og fjölskyldur sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður eiga á hættu að kljást við afleiðingar faraldursins í langan tíma ef ekki er gripið til aðgerða. Þörfin til að byggja upp og styrkja innviði félags- og heilbrigðisþjónustu blasir við öllum sem hana vilja sjá.

Kjaradeila hjúkrunarfræðinga við ríkið og yfirvofandi verkfall þeirra er að sjálfsögðu í fréttum. Minna er rætt um þá staðreynd að enn er ósamið við stéttarfélög geislafræðinga og náttúrufræðinga, einum 14 mánuðum eftir að samningar losnuðu við ríkið. Það er algjörlega óviðunandi. BHM hvetur ríkisvaldið til að ganga þegar í stað til samninga við þessar mikilvægu heilbrigðisstéttir.

**Fjöldi heilbrigðisstétta og menntun þeirra segir langa og merkilega sögu um framfarir í heilbrigðisþjónustu.**




FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is,* **FRÉTTASTJÓRAR:** Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is,* Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Tækifæri til aukinnar sjálfbærni



**Jóhanna Harpa Árnadóttir**
verkfræðingur og formaður dómnefndar um samfélagsskýrslu ársins

Að undanförnu hefur talsverð umræða skapast um hinar fordæmalausu aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu og í því samhengi hefur samfélagslega ábyrgð fyrirtækja borið á góma. Fyrirtæki sem skilgreinir sig sem samfélagslega ábyrgt, með afmarkaða stefnu og markmið á því sviði, axlar ábyrgð á þeim ákvörðunum og athöfnum sem hafa áhrif á umhverfi og samfélag. Til að svo geti orðið, og fyrirtækið staðið við skuldbindingar sínar, þarf efnahagur þess að vera sjálfbær. Sjálfbærni er langtímamarkmið, sem felur í sér jafnvægi umhverfis-, efnahags- og samfélagsþátta, en rannsóknir hafa leitt í ljós að til lengri tíma litið skila fyrirtæki með slík stefnuviðmið betri arðsemi en ella.

**Nýta þarf tækifærið til breytinga**

Þegar faraldrinum linnir mun margt falla í fyrri farveg, á meðan annað tekur breytingum. Breytingum fylgir óvissa og áskoranir en einnig tækifæri. Og nú er tækifæri til að gera betur og stuðla að aukinni sjálfbærni íslensks samfélags. Það var áhugavert að sjá þau jákvæðu áhrif sem faraldurinn hafði á losun gróðurhúsalofttegunda, en verulega dró úr losun samhliða samdrætti í umferð á höfuðborgarsvæðinu, eins og kemur fram í tölum Vegagerðarinnar. Þó má búast við að áhrifin verði ekki varanleg nema tækifærið sé nýtt til breytinga.

Í störfum þar sem unnt var að koma fjarvinnu við vann fólk heiman frá sér að hluta til, eða alveg, í nokkrar vikur þegar faraldurinn stóð sem hæst. Það virkaði ágætlega. Líklega ekki alveg hnökralaust, en þó þannig að einn banki hefur farið af stað með verkefni þar sem starfsfólki býðst áframhaldandi fjarvinna einn dag í viku. Annað dæmi var hjá stoðtækjafyrirtæki sem hefði alla jafnan sent sérfræðinga á milli landa til að stilla af gervilim hjá notanda, en leysti það með leiðsögn í gegnum fjarfundarbúnað. Vissulega krafðist það útsjónarsemi og reyndi á þolinmæði þeirra sem tóku þátt, en gekk að lokum.




**Öflug upplýsingagjöf nauðsynleg**

Til að breytingar sem þessar verði varanlegar þarf bæði tækni og nýsköpun að gegna stóru hlutverki. Nýjar áherslur geta kallað á ný siðferðisleg álitamál og á milli aðila, svo sem starfsfólks og stjórnanda, þarf að ríkja traust.

Öll fyrirtæki eiga mikið undir því að njóta trúverðugleika og trausts hjá viðskiptavinum og samstarfsaðilum. Á síbreytilegum tímum þarf öfluga upplýsingagjöf. Hún getur átt sér stað hvort sem er á vefsíðum eða samfélagsmiðlum fyrirtækja, en til þess að ávinna sér traust hafa fyrirtækin ýmsar leiðir. Gegnsæi og heilindi eru lykilbreyturnar í þeirri jöfnu.

**Öll fyrirtæki eiga mikið undir því að njóta trúverðugleika og trausts hjá viðskiptavinum og samstarfsaðilum.**

Í miðlun upplýsinga um rekstur fyrirtækja gegna ársskýrslur, og þá ársreikningar sem hluti þeirra, veigamiklu hlutverki. Stjórnvöld hafa lagt æ ríkari kröfur á stór og meðalstór fyrirtæki, sem og félög tengd almannahagsmunum, um birtingu upplýsinga er varða umhverfis-, félags-, mannauðs-, mannréttinda- og spillingarmál. Þessum viðbótarupplýsingum eru gerð skil í samfélagsskýrslu, eða sem hluti af ársskýrslu, með samþættingu við ársreikninginn.

**Verðlaun fyrir samfélagsskýrslu ársins**

Árlega veita Festa, Viðskiptaráð Íslands og Stjórnvísi viðurkenningu fyrir samfélagsskýrslu ársins. Tilnefningum hefur fjölgað jafnt og þétt milli ára og ljóst að viðurkenningin hefur fest sig í sessi, enda fer metnaður fyrirtækja vaxandi þegar kemur að áreiðanlegri og sambærilegri upplýsingagjöf um frammistöðu þeirra þegar kemur að samfélagsábyrgð. Í þessum efnum, eins og svo mörgu öðru, er ekki verið að velja „bestu“ skýrsluna, því valið stendur á milli nokkurra skýrslna sem allar voru áhugaverðar og vel fram settar. Afhending viðurkenningarinnar fer fram við hátíðlega athöfn í dag, 9. júní.

Sjaldan hefur verið meiri þörf á öflugri upplýsingagjöf um efnahags-, samfélags- og umhverfisáhrif fyrirtækja en núna í kjölfar faraldursins, þegar þörf er á endurskipulagningu eða endurreisn fyrirtækja og aðkallandi aðgerðum vegna loftslagsbreytinga. Vonandi svara íslensk fyrirtæki kallinu og nýta tækifærið til jákvæðra breytinga.

# Þjóðargjöf á silfurfati



**Gunnlaugur Stefánsson**
fyrrverandi alþingismaður

Nokkur umræða hefur að undanförnu skapast um gjafagjörninga á aflakvótum hafsins sem eru þjóðareign samkvæmt ákvæðum fiskveiðistjórnunarlaga. Samkvæmt þeim var kvótinn í upphafi afhentur ókeypis á grundvelli 3 ára aflareynslu, en svo hafa fyrirtæki keypt og selt aflaheimildirnar sín á milli á síhækkandi verði sl. 35 ár og þannig safnað miklum verðmætum og kvótahagnaði – nær öllum þó í íslenskri eigu.

Erlendir aðilar, fyrst og fremst norsk risalaxeldisfyrirtæki, hafa á síðustu fimm árum ráðist inn í firði landsins með aðstoð íslenskra umboðsmanna og stjórnvalda og ekki síst með velþóknun alþingismanna úr öllum flokkum. Laxeldiskvóti hefur verið settur á hvern eldisfjörð og hann að mestu gefinn þessum norsku auðrisum. Í Noregi verða þeir hins vegar að kaupa afnotarétt á uppboði. Síðasta norska kvótaverðið var um 2,5 milljónir ísl. fyrir hvert tonn í sjókvíaeldi.

Fyrir skömmu bárust fréttir af nýjustu fjármálagjörningum Fiskeldis Austfjarða hf., sem er í 63,7% eigu NTS ASA, dótturfélags norska laxeldisrisans Midt-Norsk Havbruk AS, sem nú á að breyta í eignarhaldsfélagið Ice Fish Farm AS og skrá á kauphöllina í Ósló. Markaðsverðmæti Fiskeldis Austfjarða hf. er metið á 21 milljarð íslenskra króna og á nú að auka hlutafé norska eignarhaldsfélagsins um 300 milljónir norskra króna.

Um leið selja nokkrir minni íslenskir hluthafar hlutafé sitt í Fiskeldi Austfjarða hf. (5,7%) fyrir 1.200 milljónir íslenskra króna, sem er að mestu hreinn kvótahagnaður. Þar á meðal selur stjórnarformaðurinn Guðmundur Gíslason eitthvað af sínum 18% hlut, sem metinn er á 3,8 milljarða íslenskra króna.

Markaðsverðmæti Fiskeldis Austfjarða byggist á tveimur starfs- og rekstrarleyfum: 6.000 tonna sjókvíaeldi á frjóum laxi í Berufirði og 11.000 tonna sjókvíalaxeldi í Fáskrúðsfirði. Þessi rekstrarleyfi, sem voru afhent nánast ókeypis, hafa nú þegar skilað dálaglegri þjóðargjöf til hluthafanna, eða yfir 20 milljörðum og á silfurfati.

Svipaða sögu má segja um annað laxeldi á Aust- og Vestfjörðum.

Markaðsverðmæti þegar heimilaðs 71.000 tonna sjókvíalaxeldis í landinu reiknað á sama hátt er þjóðargjöf af eldiskvóta upp á 87 milljarða ísl. króna. Lítil gjöf en lagleg. En þó ekki fyrir umhverfi eldisfjarðanna og villta fiskistofna. Þar skal miklu fórnað fyrir fjárgróða norskra eldisrisa.

Hver er nú ábyrgur fyrir svona rausnarlegum gjöfum þjóðareigna? Hryggilegt er að Alþingi standi hér að baki, m.a. með setningu fiskeldislaga, sem ráðuneyti og stjórnvöld gera síðan sitt besta til að túlka og sveigja til hags fyrir norsku eldisrisana og umboðsmenn þeirra. Og þegar þeir voru gripnir við ólöglega mengunariðju sína í Patreksfirði og Tálknafirði haustið 2018 og leyfi þeirra ógilt, þá tók Alþingi við sér sem aldrei fyrr og setti skyndilög á einum degi til að heimila áframhaldandi mengun náttúrunnar. Þingmenn úr öllum flokkum greiddu þessu atkvæði nema 2 þingmenn Samfylkingar og 4 þingmenn Pírata. Ótrúlegt framferði, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur nú til meðferðar.

Þetta er saga um veglegar þjóðargjafir á silfurfati til norskra eldisrisa og nú er fyrirhugað að bæta enn frekar í. Öll umræða um umhverfis- og náttúruvernd verður léttvæg fundin á meðan þessi saga heldur áfram að spinna sinn þráð.

Fylgstu með
á Hringbraut













Akureyri

Nýjasta þáttaröð Hringbrautar sýnir sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna á Íslandi.
Í þætti kvöldsins liggur leið Sigmundar Ernis í sinn gamla heimabæ Akureyri þar sem ferðamanna bíða óteljandi upplifunarkostir.
Ekki missa af kl. 21:30

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut
og hringbraut.is












Þorvaldur Árnason í leik Vals og KR í fyrra. Þorvaldur er meiddur en Þóroddur segir að ástand dómara sé almennt mjög gott fyrir komandi sumar. Hann segir að dómarastéttin komi vel undan COVID-ástandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ekkert gult spjald á nýja VAR-kerfi OZ

Þóroddur Hjaltalín, formaður dómaranefndar KSÍ, segir hið nýja VAR-kerfi OZ byltingu og að spennandi tímar séu fram undan. Dómarar koma vel undan COVID-ástandinu og eru tilbúnir í sumarið. Hann hefur þó áhyggjur af álagi.

**FÓTBOLTI** Þóroddur Hjaltalín, formaður dómaranefndar, gaf stjórn KSÍ skýrslu um stöðu dómaramála fyrir komandi tímabil á síðasta fundi sambandsins. Þar kom fram að flestir deildadómarar KSÍ hafa þegar lokið þrekprófi og eru vel undirbúnir fyrir tímabilið. Þá ræddi Þóroddur um VAR og skilyrði til þess að prófa tæknilega útfærslu á kerfinu hér á landi. VAR var prófað á leik KR og Víkings um meistara meistaranna á sunnudag.

„Það sem við vorum að gera var að prófa búnaðinn sem OZ er búið að þróa. Sjá hvort hann virkaði og hvort þetta væri eitthvað sem við gætum notað. Líka til að sjá hvort eitthvað virkaði ekki. Ég get alveg sagt að þetta virkaði mjög vel,“ segir Þóroddur.

„Við vorum ekki tengdir við dómarana í leiknum og engin atvik skoðuð aftur og ekkert notað í leiknum. Þetta hafði engin áhrif á leikinn. Við vorum bara að prófa og þetta er nánast bylting. Þetta er kerfi sem gjörbreytir öllu umhverfi varðandi kostnað og annað.“

Vilhjálmur Alvar Þórarinsson milliríkjadómari vinnur hjá OZ og vann að hönnun þess. Þar sameinaði hann menntun og áhugamál en öll vinna við kerfið fór fram hér á Íslandi. „Þetta virkaði frábærlega og er algjör bylting frá því sem við vorum að skoða bara fyrir ári síðan. En auðvitað er langt í land. Margt þarf að gerast til að við sjáum þetta í notkun en auðvitað stefnum við þangað. Við viljum alls staðar vera fremstir, hvort sem það eru dómarar eða leikmenn – við eigum alltaf að stefna á toppinn í öllu sem við gerum.“

Ívar Orri Kristjánsson dómari meiddist um helgina í bikarleik og Þorvaldur Árnason er einnig meiddur en Þóroddur segir að staðan sé annars góð og allir tilbúnir í slaginn. „Við fylgjumst mjög vel með dómarahópnum okkar. Það er þrekþjálfari sem sér um hópinn. Dómararnir skila af sér svokölluðum Pólar-gögnum og þeir fengu svo æfingar frá þrekþjálfurum í samkomubanninu. Svo vorum við með fjarfundi og vorum duglegir í því, sem gekk vel. Heilt yfir var ég ánægður með hvernig þetta fór.

Við sáum að það kom ekkert bakslag í æfingar hjá strákunum eða stelpunum eftir COVID. Það voru allir að æfa vel og það myndaðist einhver stemning milli þeirra. Það voru nokkrir að pósta æfingunum sínum og ýmislegt fleira sem skapaði góða stemningu. Við höfðum að sjálfsögðu áhyggjur eins og aðrir hvað gerist í svona ástandi, andlega og annað, en heimturnar úr þrekprófinu voru mjög góðar.“

FIFA hefur leyft fimm skiptingar í sumar enda álagið mikið á leikmenn. Það er ekki síður álag á dómara sem hlaupa mikið og þurfa að taka stórar ákvarðanir undir mikilli pressu. „Mér líst vel á komandi sumar og það er alveg smá fúlt að vera ekki með. Auðvitað hef ég smá áhyggjur af álaginu og dómarar eru að dæma þétt. Það verður líka kannski erfitt að koma fólki til og frá stöðum því það eru vandræði í innanlandsflugi. Það eru hlutir sem þarf að skipuleggja vel. En þetta er allt fólk í hörkustandi.

Það er verið að fjölga skiptingum því álagið er meira en dómarar geta ekkert skipt sér út af nema einhver slasi sig.“ benediktboas@frettabladid.is

## Ný leið til að fá dómara reynd á landsbyggðinni

Þóroddur segir að dómaranámskeiðin séu að komast á fullt á ný og þótt auðvitað vilji hann alltaf fá fleiri þá sé gaman að sjá nýliðunina. „Við höfum, allavega hér úti á landi, verið að nálgast þetta á nýjan hátt sem hefur gengið vel.

Við vorum með þessi námskeið inni í félögunum sem sendu þá krakka á unglingadómaranámskeið. Við prófuðum hér fyrir norðan að auglýsa í staðarmiðlinum og á Facebook. Vorum að velta fyrir okkur hvort það væru einhverjir þarna úti sem vildu kynna sér starf dómara en væru ekkert endilega tengdir inn í félögin. Það gekk vel. Þá fengum við aðeins eldri einstaklinga sem hafa verið að nýtast okkur mjög vel. Við byrjuðum á þessu í fyrra og gerðum þetta aftur í ár.

Í sambandi við nýliðun þá erum við að hugsa þetta upp á nýtt og nálgast þetta aðeins öðruvísi því þetta hefur ekki alveg verið að virka. Í staðinn fyrir að tala um hlutina þá ákváðum við að gera þá. Sjá hvort þetta myndi kveikja áhugann hjá einhverjum sem við vissum ekki af.

Það þýðir ekkert bara að tala um hlutina heldur láta hendur standa fram úr ermum,“ segir Þóroddur.

> Þetta virkaði frábærlega og er algjör bylting frá því sem við vorum að skoða bara fyrir ári síðan.
>
> Þóroddur Hjaltalín



Fólk
Heimili og fjölskylda
ÞRIÐJUDAGUR 9. JÚNÍ 2020



Fríða Guðmundsdóttir, eigandi Curvy, segir að sér finnist mikilvægt að konum líði vel þegar þær koma í verslunina, sem er í Hreyfilshúsinu við Grensásveg. Hún vill að þær finni að þær séu velkomnar og að starfsfólkið geti alltaf fundið eitthvað fyrir þær sem þeim líður vel og eru sáttar í. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Frelsið finnst utan þægindarammans

Fataverslunin Curvy býður einstakt og fjölbreytt úrval af alls kyns fatnaði fyrir konur í stærri stærðum. Verslunin bætti nýlega við miklu úrvali af sundfötum og vill hvetja allar konur til að fara í sund, óháð stærð og vexti. →2

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is
Fylgstu með!



Curvy var að fá stórar sendingar af sundfötum þannig að núna er úrvalið sérlega mikið og gott. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Í Curvy er boðið upp á einstakt og fjölbreytt úrval af alls kyns flottum sundfötum fyrir þær konur sem nota stærðir yfir 14. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Fríða segir að konur sem nota stærri stærðir séu oft feimnar við sundföt, en hún hvetur þær til að fara út fyrir þægindarammann og segir að það sé frelsandi tilfinning að yfirstíga hræðsluna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Curvy selur ekki bara sundboli sem eiga að fela líkamann, heldur er boðið upp á alls konar sexí og sumarleg sundföt og bikiní. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framhald af forsíðu ➜

Fataverslunin Curvy hefur starfað frá árinu 2011 og er ein af fáum verslunum á Íslandi sem bjóða upp á mikið úrval af fötum fyrir konur í stærri stærðum. Verslunin hefur stækkað verulega frá opnun og úrvalið aukist, en fyrir um ári flutti hún í nýtt húsnæði í Hreyfilshúsinu við Grensásveg. Curvy býður einnig upp á toppþjónustu við landsbyggðina í gegnum netverslun sína, curvy.is.

Curvy var að taka við stórri sendingu af sundfötum og vill hjálpa konum að líða vel í eigin líkama og láta ekki feimni eða óöryggi koma í veg fyrir að þær njóti þess að fara í sund.

„Þetta er okkur hjartans mál. Okkur finnst mikilvægt að konum líði vel þegar þær koma til okkar, finni að þær séu velkomnar og að við getum alltaf fundið eitthvað fyrir þær sem þeim líður vel og eru sáttar í,“ segir Fríða Guðmundsdóttir, eigandi Curvy. „Við leggjum mikla áherslu á að efla jákvæða líkamsímynd. Það skiptir ekki máli í hvaða stærð þú ert eða hvernig þú ert í laginu, þú átt að geta verið í því sem þú vilt. Við tökum ekkert mark á gömlum stöðlum, boðum og bönnum um hvað fólk á eða má vera í. Það sem skiptir öllu máli er að fólk sé í fötum sem það vill vera í og því líður vel í.“

## Mikið úrval af sundfötum

„Það sem við erum að bjóða upp á er held ég einstakt, en við höfum ótrúlega mikið og fjölbreytt úrval af alls kyns sundfötum fyrir þær konur sem nota stærðir yfir 14.





Konur sem nota stærri stærðir ættu ekki að vera í neinum vandræðum með að finna sér sundföt sem þeim líður vel í hjá Curvy.





Þetta eru ekki bara sundbolir sem eiga að fela líkama okkar fyrir öllum, heldur erum við með alls konar sexí og sumarleg sundföt og bikiní,“ útskýrir Fríða. „Við vorum að fá stórar sendingar af sundfötum þannig að núna er úrvalið sérlega mikið og gott. Það er í rauninni allt til hjá okkur.

Við erum mjög virkar á samfélagsmiðlum og erum ófeimnar við að sýna þar alls konar flíkur. Við erum mikið að máta sundföt og annan fatnað svo viðskiptavinir geti séð hvernig fötin líta út á konum í stærri stærðum,“ segir Fríða og hvetur alla til að finna curvy.is á Snapchat og Instagram.

## Oft feimni við sundföt

„Konur sem nota stærri stærðir eru oft svolítið feimnar við sundföt, sérstaklega hér á Íslandi. Þær hika oft við að fara í bikiní eða eitthvað litríkt,“ segir Fríða. „En við hvetjum konur til að fara út fyrir þægindarammann. Ég heyrði einu sinni sagt að lífið hefjist fyrir utan þægindarammann og það á mjög vel við. Það er frelsandi tilfinning að yfirstíga þessa hræðslu, til dæmis með því að koma sér í sund þrátt fyrir að maður sé með einhverja komplexa, við könnumst allar við þetta.

Okkur hjá Curvy langar að hvetja allar konur til að fara í sund, óháð stærð og vexti. Sund er gríðarleg heilsubót en margar konur hika samt við að fara af ótta við neikvæðar athugasemdir eða augngotur. En þegar ég tók af skarið og fékk mér sundbol sem mér leið vel í var þetta ekkert mál og sjálfstraustið jókst í leiðinni,“ segir Fríða. „Númer eitt er að finna sundföt sem passa og manni líður vel í og númer tvö er að hafa trú á sér og vita að maður er flott, alveg sama hvað öðrum kann að finnast.“

Áhugasamir geta skoðað úrvalið á curvy.is, facebook.com/curvychic og instagram.com/curvy.is.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

# Sundlaugar og jarðböð

Kynningar:
Krauma,
Snæfellsbær,
Jarðböðin
við Mývatn,
Bruggsmiðjan,
Vök, Kópavogur

ÞRIÐJUDAGUR 9. JÚNÍ 2020




Það eru bara notuð áväl og mjúk form við hönnun lauganna, sem skapar skemmtilega andstæðu við kassalaga hönnun bygginganna.

## Náttúruleg næring fyrir bæði líkama og sál hjá Krauma

Náttúrulaugar Krauma innihalda hreint og tært vatn úr Deildartunguhver og eru frábær staður til að slaka á og endurnæra líkama og sál. Laugarnar eru nú opnar á ný og bjóða upp á ýmiss konar þægindi, fyrsta flokks aðstöðu og veitingastað með rétti fyrir alla og hráefni úr heimabyggð. →2




Í náttúrulaugunum Krauma er hreint og tært vatn beint úr Deildartunguhver sem er kælt með vatni undan öxlum Oks. Laugarnar eru sex, fimm eru heitar og ein er köld.

Í náttúrulaugum Krauma er hægt að baða sig í hreinu og tæru vatni sem kemur beint úr Deildartunguhver og njóta þess að gleyma amstri dagsins í slakandi umhverfi. Laugarnar voru opnaðar aftur rétt fyrir mánaðamót og geta án efa gert mörgum gott, þar sem síðustu mánuðir hafa verið strembnir fyrir flesta.

„Krauma býður upp á upplifun sem er fyrir alla sem vilja njóta þess að vera í beinni snertingu við náttúruna, slaka á og endurnæra líkama og sál,“ segir Jónas Friðrik Hjartarson, framkvæmdastjóri Krauma.

## Tryggja hámarks slökun

„Krauma eru náttúrulaugar við Deildartunguhver í Borgarfirði, vatnsmesta hver í Evrópu. Náttúrulaugarnar innihalda hreint og tært vatn beint úr Deildartunguhver sem er kælt með vatni undan öxlum Oks,“ segir Jónas Friðrik. „Við erum með sex laugar, fimm heitar með mismunandi hita og eina kalda. Engum sótthreinsandi efnum er bætt í vatnið, heldur er hreinleiki þess tryggður með mjög miklu vatnsrennsli í laugunum.

Það eru bara notuð ávöl og mjúk form við hönnun lauganna, sem skapar skemmtilega andstæðu við kassalaga hönnun bygginganna,“ segir Jónas Friðrik. „Búningsklefarnir okkar rúma 200 manns og þar eru læstir skápar. Í klefunum eru rúmgóð snyrtiborð með stórum speglum og góðri lýsingu.

Til að hámarka slökunina er gestum boðið að dvelja í hvíldarherbergi sem er staðsett á laugasvæðinu, en þar er að finna þægilega legubekki þar sem gestir geta slakað á við ljúfa tónlist og snark frá arineldi,“ segir Jónas Friðrik. „Krauma býður svo líka upp á tvö vatnsgufuböð og útisturtur, en gufan er mynduð með því að úða hveravatni inn í rýmin undir timburbekkjunum.“

## Hráefni frá heimabyggð

„Á veitingastaðnum leggjum við áherslu á að kaupa eins mikið ferskt hráefni úr heimabyggð og mögulegt er,“ segir Jónas Friðrik. „Matseðilinn er byggður upp þannig að allir finni sér eitthvað, við erum með fjóra góða forrétti, geita- og laxaplatta, salat og súpu sem kokkarnir okkar búa til frá grunni alla daga.

Aðalréttir eru lamb, vegan réttur, fiskur og góður hamborgari. Eftirréttirnir eru aðeins þrír og fyrir börnin gera kokkarnir hálfa skammta á helmingsverði. Aðsóknin hefur verið mjög góð frá opnun staðarins, en bæði laugarnar og veitingastaðurinn voru opnuð aftur 29. maí síðastliðinn,“ segir Jónas Friðrik.



Jónas Friðrik, framkvæmdastjóri Krauma, segir að fátt sé betra til að vinna gegn stressinu og álaginu en slökun og góður matur og að líklega þurfi allir á því að halda eftir síðustu mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Á veitingastaðnum er meðal annars boðið upp á fjóra forrétti, þrjá aðalrétti og þrjá eftirrétti.



Á veitingastaðnum er lögð áhersla á að kaupa eins mikið ferskt hráefni úr heimabyggð og mögulegt er.



Hægt er að gefa upplifun af náttúrulaugunum sem gjöf og það er boðið upp á mismunandi gerðir af gjafabréfum.



Gestum er boðið að dvelja í hvíldarherbergi sem er staðsett á laugasvæðinu.

**Krauma býður upp á upplifun sem er fyrir alla sem vilja njóta þess að vera í beinni snertingu við náttúruna, slaka á og endurnæra líkama og sál.**

## Besta vopnið gegn stressi

„Það er fátt betra til að vinna gegn stressinu og álaginu, sem fer illa með okkur öll, en slökun og góður matur,“ segir Jónas Friðrik. „Ég held að allir þurfi á því að halda eftir síðustu mánuði og geti því haft gott af heimsókn til okkar.

Hægt er að gefa upplifun af náttúrulaugunum sem gjöf, en við bjóðum upp á mismunandi gerðir af gjafabréfum,“ segir Jónas Friðrik. „Það er hægt að fá bara aðgang í náttúrulaugarnar, aðgang í náttúrulaugarnar með mat á veitingastaðnum inniföldum og svo er hægt að bæta við drykkjum eða leigu á handklæðum og sloppum.“

Allar upplýsingar um Krauma er á krauma.is eða í síma 555-6066 og hægt er að senda póst á krauma@krauma.is til að fá frekari upplýsingar um gjafabréfin.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is


Eitt af 25 undrum veraldar
Jarðsjór Bláa Lónsins á sér engan líkan í heiminum. Hann sprettur af 2.000 metra dýpi úr iðrum jarðar þar sem sjór og ferskvatn síast saman í jarðlögin. Jarðhiti veldur efnahvörfum sem gerir jarðsjóinn ríkan af steinefnum, kísli og þörungum sem veitir grunninn að lækningamætti lónsins. Upplifðu undrið.
BLUE LAGOON
ICELAND
bluelagoon.is

# Sundlaugar í náttúruperlu

**Í Snæfellsbæ á utanverðu Snæfellsnesi eru tvær sundlaugar fyrir almenning. Sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík er opin árið um kring og náttúrulaugin Lýsulaugar í Staðarsveit er opin á sumrin.**

Laufey Helga Árnadóttir, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Snæfellsbæjar, segir miklar breytingar hafa verið gerðar á sundlauginni í Ólafsvík fyrir nokkrum árum. Veturinn 2013–2014 stóðu yfir miklar framkvæmdir við sundlaugina. Húsnæðið var lagfært, það var opnað og gert bjartara, ásamt því að skemmtilegt útisvæði með heitum pottum, vaðlaug og rennibraut var útbúið.

„Útisvæðið samanstendur af tveimur heitum pottum og vaðlaug. Þar er líka lítil rennibraut fyrir krakka. Inni er lítil 12,5 metra sundlaug og heitur pottur. Svo er líka kalt kar hér sem er úti á sumrin og inni á veturna,“ segir Laufey.

„Þetta er mjög notaleg laug og aðsókn í hana er góð. Hún er mikið notuð af ferðamönnum á sumrin en það er mjög flott útsýni úr heitu pottunum.“

Sundlaugin er nálægt helstu þjónustu í Ólafsvík, hún stendur við hlið grunnskólans og er samföst íþróttasvæði bæjarins. Útisvæðið er opið almenningi árið um kring en innilaugin er lokuð á vissum tímum á veturna þegar skólasund og sundæfingar standa yfir.

Opnunartíminn er frá 7.30–21.00 á virkum dögum og frá 10.00–17.00 um helgar.

Lýsulaugar eru laugar sem standa við félagsheimilið að Lýsuhóli í Staðarsveit. Vatnið í lauginni er náttúrulegt heitt ölkelduvatn.



**Í Lýsulaugum eru tveir heitir pottar og sundlaug með náttúrulegu heitu ölkelduvatni.**



**Sundlaugin í Ólafsvík er með skemmtilegt útisvæði með fallegu útsýni.**

> **Hér í Snæfellsbæ eru náttúruperlur hvert sem augað eygir og fjölbreytt afþreying í boði fyrir fólk á öllum aldri.**
>
> **Laufey Helga Árnadóttir**

Ölkelduvatnið er ríkt af steinefnum og myndar grænþörunginn chlorellu sem talinn er mjög hollur og græðandi fyrir húðina. Hitastig vatnsins er frá 34°C upp í 43°C og því tilvalið til slökunar. Engum efnum, svo sem klór, er bætt í vatnið.

„Þetta er gömul laug sem heldur alveg sjarmanum þrátt fyrir að búið sé að taka hana mikið í gegn,“ segir Laufey.

„Árið 2016 var búningsaðstaðan löguð og veturinn 2018–2019 var ráðist í framkvæmdir í garðinum. Gamla laugin var tekin, ný var steypt upp og köldu kari var bætt við en auk þess eru tveir heitir pottar við laugina. Lýsulaugar hafa ekki verið opnaðar í ár en við búumst við að opna um miðjan mánuðinn.“

Lýsulaugar eru opnar alla daga frá 11–20.30 yfir sumartímann.

Sveitarfélagið Snæfellsbær er algjör útivistarparadís. Í Ólafsvík og á Hellissandi eru góð tjaldsvæði og tveir golfvellir eru á svæðinu.

Á svæðinu er fjöldi áningarstaða sem vert er að skoða með góðu aðgengi fyrir alla fjölskylduna og útivistarmöguleikar eru fjölbreyttir.

„Hér í Snæfellsbæ eru náttúruperlur hvert sem augað eygir og fjölbreytt afþreying í boði fyrir fólk á öllum aldri. Við vonum að sem flestir heimsæki okkur í sumar og skelli sér í sundferð í aðra af okkar góðu laugum eftir viðburðaríkan dag á Snæfellsnesinu,“ segir Laufey.

# Allt sund er gott fyrir líkamann

**Íslendingar eru sundglaðir sem betur fer því sund er gott fyrir heilsuna. Hér á landi eru sömuleiðis margar mjög góðar sundlaugar og upphitaðar að auki sem varla þekkist í öðrum löndum.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Dýrleif Skjöldal, sundþjálfari og leikskólakennari á Akureyri, var spurð hvort sund væri í raun og veru jafn gott og um er rætt. Hún segir svo vera. „Sund er gott alhliða, hvort sem fólk ætlar að auka þol/þrek, liðka sig eða styrkja. Sund bætir andlega, félagslega og líkamlega líðan. Gott sund er mikil tækni og þjálfar heilann líka vel, það krefst samhæfingar og mýktar en líka krafta,“ segir Dýrleif, eða Dilla eins og hún er betur þekkt.

Dilla segir að sund styrki alla vöðvahópa líkamans. „Það fer þó eftir hversu mikið sund er stundað hversu mikið þeir styrkjast. Í stuttu máli má þó segja að allir vöðvar og liðir þjálfist og styrkist við alhliða sundæfingar,“ segir hún og bætir við að yfirleitt séu Íslendingar góðir í sundi. „Miðað við aðrar þjóðir erum við mun betri enda eru íslensk börn þau einu sem eru með sundkennslu sem skyldugrein í grunn- og framhaldsskóla. Í rauninni ættu Íslendingar að vera betri í sundi miðað við þjálfunina.“

Þegar Dilla er spurð hversu mikið þurfi að synda til að það hafi góð áhrif á líkamann, svarar hún: „Ef fólk hefur ekkert synt þá liggur við að ég segi að tvær ferðir séu nóg. Oft fer fólk of geyst af stað og ætlar sér að byrja á kílómetra og heldur það ekki út. Betra er að byrja rólega og synda fjölbreytt. Skipta á milli þess að vera á baki og maga, nota bara hendur eða fætur. Byrja á að synda í 5–10 mínútur og auka það svo í 15 í stað þess að ákveða fjölda ferða. Það sem er svo gott við sund er að fólk er ekki að fara neitt, það getur haft það akkúrat eins og því hentar. Stuttur tími eða langur, ein pottaferð eða þrjár, hratt eða hægt, allt sund er gott,“ segir hún.

„Öll hreyfing sem eykur blóðrásina inn í liði og vöðva sem eru bólgnir og stirðir er góð og sund er mjúk hreyfing sem er líka gerð í hita og það hefur mjög góð áhrif, sérstaklega ef farið er í kalda sturtu að því loknu eða aðra kælingu. Fólk ætti að njóta sundsins og slaka á. Sumum hentar að synda fyrst í tiltekinn tíma, aðrir fara fyrst í pott og synda svo og fara jafnvel aftur í pott. Það þarf bara að finna þá leið sem hentar best.“



**Dýrleif sundþjálfari nýtur þess að fara í sund reglulega enda hefur hún gert það frá barnsaldri.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ef fólk hefur ekkert synt þá liggur við að ég segi að tvær ferðir séu nóg. Oft fer fólk of geyst af stað og ætlar sér að byrja á kílómetra og heldur það ekki út. Betra er að byrja rólega og synda fjölbreytt.**

Hversu oft ættum við að synda í viku?

„Daglega drepur engan, heldur ekki oft á dag. Að gera sund að hluta af sínum lífsstíl er best – það sem hentar best er það sem er best fyrir þig. Sumar tegundir sunds henta betur vegna einhverra krankleika, en ef fólk er ekki að fara á Ólympíuleika þá má bara synda eins og manni best þykir. Höfrungasund er til dæmis frábær hreyfing. Til að fá alhliða hreyfingu út úr sundi er best að hafa það sem fjölbreyttast og alls ekki gleyma að kafa, fljóta og leika sér,“ segir Dilla.

# Fasteignablaðið

23. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 9. JÚNÍ 2020

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA



MIÐBORG
fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin

-örugg fasteignaviðskipti



Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali

Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Nemi til löggildingar í fasteigna-sölu og lögfræðingur.

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is









**Húsið er við Hrafnshöfða í Mosfellsbæ. Stutt er í alla þjónustu.**

# Fallegt hús í Mosfellsbæ

Fasteignasala Mosfellsbæjar, sími 586-8080, kynnir: Fallegt 230,2 fm einbýlishús á einni hæð með stórum bílskúr við Hrafnshöfða 13 í Mosfellsbæ.

Eignin skiptist í hjónaherbergi með fataherbergi, þrjú barnaherbergi, vinnustofu/herbergi, sjónvarpsherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, forstofu, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr.

Komið er inn í rúmgóða forstofu með fataskápum og flísum á gólfi og gólfhita. Á hægri hönd í forstofu er flísalagt baðherbergi með sturtu og innréttingu, gólfhiti. Á vinstri hönd er svefnherbergi með fataskáp og parketi á gólfi.

Úr forstofu er komið inn í sjónvarpshol með parketi á gólfi (hægt að breyta í herbergi). Til vinstri er komið inn á gang með parketi á gólfi. Á gangi er hjónaherbergi með fataherbergi með útgangi út á hellulagða verönd með snúrum. Tvö svefnherbergi með fataskápum og parketi á gólfi. Flísalagt baðherbergi með innréttingu, baðkari og sturtu. Vinnustofa/herbergi með flísum á gólfi, með gólfhita að hluta og útgengi út á bílaplan og flísalagt þvottahús með innréttingu. Úr þvottahúsi er innangengt inn í bílskúrinn.

Bílskúrinn er flísalagður með rafmagni, hita, rennandi vatni og rafdrifnum nettengdum hurðaopnara. Á hægri hönd þegar komið er inn úr forstofu er komið inn í opið rými sem skiptist í eldhús, stofu og borðstofu, parket á gólfi. Í eldhúsi er U-laga innrétting með innbyggðum ísskáp, tveimur ofnum, gashelluborði og háf. Gert er ráð fyrir uppþvottavél í innréttingu. Úr stofu er gengið út á timburverönd með heitum potti. Gólfefni eru gegnheilt olíuborið plankaparket og flísar.

Stórt hellulagt bílaplan með snjóbræðslu. Frábær staðsetning. Stutt í leikskóla, grunnskóla, sundlaug/heilsurækt og á golfvöll. Vinnustofan var byggð við húsið árið 2010 og býður upp á mikla möguleika fyrir t.d. lítinn atvinnurekstur eða sem rúmgott svefnherbergi.


KJÖREIGN FASTEIGNASALA - TRAUST OG ÖRUGG FASTEIGNASALA í 40 ÁR



Ásta María Benónýsdóttir
Löggiltur fasteignasali
asta@kjoreign.is
897-8061

Sigurbjörn Skarphéðinsson
Löggiltur fasteignasali, skjalagerð.
sigurbjorn@kjoreign.is
533-4040

Dan Valgarð S. Wiium
Hdl, löggiltur fasteignasali.
dan@kjoreign.is
896-4013

Rakel Salóme Eydal
Löggiltur fasteignasali og löggiltur leigumiðlari
rakel@kjoreign.is
533-4040

Þórarinn Friðriksson
Löggiltur fasteignasali.
thorarinn@kjoreign.is
844-6353

Jón Bergsson
lögmaður og löggiltur fasteignasali
jon@kjoreign.is
777-1215

Kjöreign ehf

Ármúla 21, 108 Reykjavík - Reykjavík – Sími 533 4040
kjoreign@kjoreign.is - www.kjoreign.is/

# EIGNAMIÐLUN



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

## BUGÐULÆKUR 17, 163 m²
104 REYKJAVÍK, 82,9 mkr.

**OPIÐ HÚS** þriðjudaginn 9. júní kl 17:00-17:30

Kjartan Hallgeirsson
Lögg. fasteignasali
S. 824 9093/kjartan@eignamidlun.is











Mikið endurnýjuð og vel skipulögð neðri sérhæð með sérinngangi ásamt bílskúr sem er innréttaður sem íbúð og er í útleigu.

**Eignin skiptist í:** Forstofu, 4 svefnherbergi, 2 stofur, eldhús og baðherbergi, í kjallara eru tvær geymslur og sameiginlegt þvottahús og þurkkherbergi. Bílskúr hefur verið innréttaður sem lítil tveggja herbergja íbúð og er í útleigu. Endurnýjað baðherbergi og eldhús.

## RAUÐALÆKUR 33, 115,1 m²
105 REYKJAVÍK, 55,7 mkr.

Ólafur H. Guðgeirsson
Lögg. fasteignasali
S. 663 2508/olafur@eignamidlun.is





**OPIÐ HÚS** þriðjudaginn 9. júní kl. 17:00 - 17:30

Frábærlega staðsett sérhæð á 3.hæð á besta stað við Rauðalæk. Stórar og bjartar stofur, stórar svalir með útsýni. Rúmgott eldhús, hol með skápum og góðu plássi fyrir bókahillur og vinnuaðstöðu, þrjú svefnherbergi. Eignin hentar vel til breytinga.

## SÚÐARVOGUR 36,138,4 m²
104 REYKJAVÍK, 72,9 mkr.

Ólafur H. Guðgeirsson
Lögg. fasteignasali
S. 663 2508/olafur@eignamidlun.is





**OPIÐ HÚS** þriðjudaginn 9. júní kl. 18:00 - 18:30

Glæsileg íbúð á efstu hæð iðnaðarhúsnæðis, sérlega smekklega innréttuð og frágengin með vönduðum tækjum og fallegum innréttingum. Glæsilegt útsýni yfir Geirsnef, Elliðavog og til Esjunnar. Sérstök og smekkleg eign sem vert er að skoða.

## SKEGGJAG. 10, 78,4 m²
105 REYKJAVÍK, 44,9 mkr.

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir
Lögg. fasteignasali
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is





**OPIÐ HÚS** fimmtudaginn 11. júní kl. 17:30-18:00

Falleg 3ja herbergja neðri sérhæð í þríbýli í hjarta miðborgarinnar. Hæðin er í húsi á horni Skeggjagötu og Gunnarsbrautar í Norðurmýrinni. Sameiginlegur inngangur með efri hæð.

## VESTURGATA 73, 120,7 m²
101 REYKJAVÍK, 58,9 mkr.

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir
Lögg. fasteignasali
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is





**OPIÐ HÚS** þriðjudaginn 9. júní kl. 19:00-19:30

Stórkostlegt útsýni! Góð 3ja-4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýviðgerðu fjölbýli neðst á Vesturgötu, við Ananaust. Örstutt göngufæri í líf og menningu við Grandagarð og Vesturhöfnina. Einstakt útsýni úr eldhúsi og stofu yfir sólarlagið og Snæfellsjökul. Tvennar svalir. Nýbúið að gera við múr og mála húsið að utan auk þess sem skipt var um þakjárn.

## FRÓÐENGI 18, 95,7 m²
112 REYKJAVÍK, 42,9 mkr.

Þórarinn M. Friðgeirsson.
Lögg. fasteignasali, sölustjóri.
S. 899 1882/thorarinn@eignamidlun.is





**BÓKIÐ SKOÐUN**

95.7 fm 3 herb. íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi á fínum útsýnisstað í Grafarvogi. Stutt í mjög góða þjónustu í spönginni og í góða skóla í nágrenninu. 2 svefnherbergi, gott skápapláss og mjög vel skipulögð íbúð.
Parket og flísar á gólfum. Sérþvottahús innan íbúðarinnar.

## HRINGBRAUT 103, 50.9 m²
101 REYKJAVÍK, 32,7 mkr

Unnar Kjartansson
Sölufulltrúi
S. 867 0968/unnar@eignamidlun.is





**BÓKIÐ SKOÐUN**

Sérlega björt og skemmtileg tveggja herbergja íbúð á fyrstu hæð. Íbúðin er mikið endurnýjuð. Nýtt pergo harðparket og ný eldhúsinnrétting. Rúmgóðar suður svalir. Frábært fyrstu kaup í göngufæri við Háskóla Íslands.

## ÁLFHEIMAR 58, 107,3 m²
104 REYKJAVÍK, 49,9 mkr.

Bjarni T. Jónsson
Lögg. fasteignasali
S. 895 9120/bjarni@eignamidlun.is





**OPIÐ HÚS** þriðjudaginn 9. júní kl. 17:15-17:45

**4 HERB. ÍBÚÐ** - Glæsileg, björt og mikið endurnýjuð 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í Álfheimum 58. Laus við kaupsamning. Húsið er hannað af Sigvalda Thordar. Eignin skiptist í eldhús, stofu/borðstofu, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er sameiginlegt þvottahús og sér geymsla. Íbúðin var endurnýjuð árið 2018.

## SNORRABRAUT 79, 252,6 M²
105 REYKJAVÍK, EINBÝLISHÚS

Sverrir Kristinsson
Lögg. fasteignasali
S. 861 8514/sverrir@eignamidlun.is





**EINBÝLISHÚS Í NORÐURMÝRI - BÓKIÐ SKOÐUN**

Vorum að fá í sölu virðulegt um 250 fm einbýlishús við Snorrabraut 79. Aðkoma að húsinu er frá Auðarstræti. Húsið er tvær hæðir og kjallari og skiptist m.a. í þrjár saml. stofur, eldhús, þrjú herbergi, baðherbergi, snyrtingu og þvottahús. Í kjallara er m.a. 2ja herb. íbúð. Húsið hefur verið töluvert endurnýjað, bæði að utan og innan.

## KAMBSVEGUR 23, 97.9 m²
104 REYKJAVÍK, 45,4 mkr.

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögg. fasteignasali/Lögfræðingur
S. 694 6166/herdis@eignamidlun.is





**OPIÐ HÚS** þriðjudaginn 9. júní kl. 17:00-17:30

Falleg og björt 3ja herb. íbúð með sér inngangi í barnvænu umhverfi.
Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð í gegnum árin m.a. eldhús, baðherbergi, gólfefni, rafmagn, gluggar og gler.

## ARNARHLÍÐ 1, 82,1 m²
101 REYKJAVÍK, 52,9 mkr.

Daði Hafþórsson
Lögg. fasteignasali
S. 824 9096/dadi@eignamidlun.is





**OPIÐ HÚS** þriðjudaginn 9. júní kl. 17-17.30

Arnarhlíð 1, íbúð 04-05 er nýleg 82.1 fm 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi. Íbúðin er parketlögð með innfeldum ískáp og uppþvottavél. Þvottahús innan íbúðar.

**Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala.**
**Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is


Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

**Strikið – Sjálandi Garðabæ – 60 ára og eldri.**
**Nýjar og glæsilegar íbúðir til sölu. Leitið upplýsinga á skrifstofu.**

## *Garðatorg 4c. Glæsileg útsýnisíbúð í miðbæ Garðabæjar.*



- Virkilega falleg 126,5 fm. útsýnisíbúð á 4. hæð, efstu, með tvennum rúmgóðum svölum, einstöku útsýni og sér bílastæði í bílakjallara í nýlegu fjölbýlishúsi með lyftu. Svalir til suðurs 17,1 fm. með þaki yfir og útsýni að Reykjanesinu. Svalir til norðurs 6,8 fm. með útsýni að Esjunni og yfir borgina.
- Eignin skiptist í forstofu, sjónvarpsstofu, gestasnyrtingu, þvottaherbergi, eldhús, stóra stofu, barnaherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi. Sér geymsla í kjallara og sér bílastæði í bílageymslu.
- Húsið að utan er klætt með áli og með ál/tré gluggum og því viðhaldslítið.

**Verð 73,9 millj.**

## *Skólavörðustígur 16a. Endurnýjuð 3ja herbergja útsýnisíbúð.*



- Glæsileg og mjög mikið endurnýjuð 68,0 fm. íbúð á 4. hæð í vönduðu lyftuhúsi við Skólavörðustíg. Íbúðinni fylgir mjög stórt sér bílastæði í bílageymslu.
- Skjólsælar og flísalagðar svalir til suðurs með útsýni að Reykjanesinu og yfir borgina. Frá stofu nýtur mjög fallegs útsýnis að Esjunni.
- Íbúðin hefur öll verið endurnýjuð á síðustu árum. Sett var ný eldhúsinnrétting og eyja með graníti á borðum og nýjum tækjum. Baðherbergi allt endurnýjað. Skipt um innihurðir og fataskápa auk þess sem gólfefni voru endurnýjuð.

**Frábær staðsetning í hjarta miðborgarinnar.**

**Verð 62,8 millj.**

## *Skúlagata 20. 3ja herbergja útsýnisíbúð á 10. hæð.*




Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- 78,3 fm. íbúð á 10. hæð að meðtalinni sér geymslu í þessu eftirsótta húsi fyrir eldri borgara við Skúlagötu 20. Tvær lyftur eru í húsinu og myndavéladyrasími. Húsvörður er í húsinu.
- Íbúðina má aðeins selja félagsmönnum í Félagi eldri borgara, 60 ára og eldri.
- Íbúðin er með tvennum svölum með svalalokun til vesturs og norðurs. Glæsilegs útsýnis nýtur frá íbúðini m.a. út á sundin, innsiglinguna í Reykjavíkurhöfn, að Akrafjalli og yfir Hörpunar.
- Góð aðkoma er að húsinu frá Lindargötu með bílastæðum.

**Verð 49,9 millj.**

## *Baldursgata 30. 3ja – 4ra herbergja endurnýjuð íbúð.*




Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Glæsileg 3ja – 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í steinsteyptu húsi í miðborginni. Frá stofu og af svölum er útsýni að Reykjanesi og frá eldhúsi, borðstofu og herbergjum er útsýni að Hallgrímskirkju.
- Aukin lofthæð er í íbúðinni og allir innveggir hennar eru léttir og því hægt að breyta skipulagi að vild. Íbúðin var öll innréttuð árið 2014 og öllu innra skipulagi hennar breytt.
- Stofa og borðstofa í opnu rými með miklum gluggum og útgengi á svalir. Eldhús opið við stofu með eyju. Tvö svefnherbergi.

**Gengið er inn í stigahús frá Válastíg.**

**Verð 59,5 millj.**

## *Völuteigur – Mosfellsbæ. Iðnaðarhúshæði*



- 442,2 fermetra iðnaðarhúsnæði á jarðhæð að Völuteigi 7-11 í Mosfellsbæ.
- Innkeyrsluhurðir eru fjórar á þessum eignarhluta. Ein er stærri, um 4,0 x 4,0 metrar að stærð og þrjár eru um 3,0 x 3,0 metrar að stærð. Að auki eru inngöngudyr að framan og aftan.
- Gólfhiti og epoxy á gólfum. Lofthæð undir millloft um 2,8 metrar.
- Góð aðkoma og gott malbikað athafnasvæði er umhverfis húsið.

**Verð 64,9 millj.**

## *Laugavegur 76. 4ra herbergja íbúð með stórum suðursvölum.*




Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.00

- Góð 99,1 fm. íbúð með mjög stórum hellulögðum suðursvölum í steinsteyptu húsi við Laugaveg.
- Aukin lofthæð er í íbúðinni og fallegir gifslistar í loftum.
- Rúmgóðar stofur, borð- og setustofa. Tvö rúmgóð herbergi. Gólf eldhúss, forstofu og baðherbergis eru lögð marmara.
- Sér geymsla er á baklóð hússins.

**Verð 47,5 millj.**

## *Fannborg 3 – Kópavogi. 5 herbergja íbúð með svölum til suðurs.*



- Falleg og björt 110,4 fm. íbúð á 2. hæð að meðtalinni sér geymslu í nýviðgerðu fjölbýlishúsi við Fannborg. Stórar skjólgóðar svalir til suðurs. Nýlega er búið að múrviðgera og mála húsið að utan.
- Fjögur svefnherbergi. Endurnýjað eldhús. Rúmgóð stofa með útgengi á svalir sem eru til suðurs. Borðstofa opin við stofu. Vandaðar nýlegar gardínur eru í allri íbúðinni sem fylgja með.
- Fín staðsetning í göngufjarlægð við alla verslun og þjónustu. Leikskóli, grunnskóli, menntaskóli og heilsugæsla í næsta nágrenni.

**Íbúðin er laus til afhendingar strax.**

**Verð 44,9 millj.**

## *Sólheimar. Efri sérhæð ásamt bílskúr.*



- Virkilega glæsileg, björt og vel skipulögð 187,6 fm. efri sérhæð í nýlegu þríbýlishúsi auk 33,8 fm. bílskúrs.
- Íbúðin er virkilega opin, björt og glæsileg og lofthæð er mikil í nánast allri íbúðinni. Gluggar efst á milliveggjum sem auka mjög flæði á birtu milli rýma. Innréttingar í öllum rýmum eru sérsmíðaðar og sami stíll látinn halda sér gegnum íbúðina.
- Vandað gegnheilt eikarparket er á íbúðinni að stærstum hluta, lagt með fiskibeinamynstri og er það nýlega slípað og lakkað. Svalir útaf stofum til suðurs og útaf stigapalli til vesturs.

**Frábær staðsetning í grónu hverfi þaðan sem stutt er í alla þjónustu og skóla.**

**Verð 93,5 millj.**

## *Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.*




- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum. Stærðir frá 58-254 fm.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á **www.105midborg.is**

## *Naustavör nr. 36-42. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.*




- Naustavör 36-42 eru 3 – 4 hæða fjölbýlishús í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðirnar eru frá 84 fermetrum upp í 208 fermetra og eru 2ja til 4ra herbergja.
- Allar innréttingar er sérsmíðar af Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðirnar sjálfar verða afhentar án gólfefna, nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar frá Parka.
- Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum. Útsýni til sjávar eru úr flestum íbúðum.

**Afhendingartími íbúða er á tímabilinu júní – júlí 2020. Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is**

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

EINAR PÁLL KJÆRNESTED LÖGG. FASTEIGNASALI



Svanþór Einarsson
Lögg. Fasteignasali • S: 698-8555



Sigurður Gunnarsson
Lögg. Fasteignasali • S: 899-1987

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • WWW.FASTMOS.IS

## Þverholt 29 – Íbúð 401

Ný 109,8 m2, 3ja herbergja endaíbúð á 4. hæð, ásamt TVEIMUR bílastæðum í bílageymslu. Íbúðin skiptist í eldhús, stofu, borðstofu, 2 svefnherbergi, baðherbergi/þvottahús auk sér geymslu í kjallara. Svalir í suðurátt. **V. 62,5 m.**

## Þverholt 31 – Íbúð 106

Ný 113,2 m2, 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérafnotareiti á verönd, ásamt bílastæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í eldhús, stofu, borðstofu, 2 svefnherbergi, baðherbergi/þvottahús auk sér geymslu á jarðhæð. Hellulögð afgirt verönd í suðurátt. **V. 55,9 m.**

## Þverholt 31 – Íbúð 207

Ný 114,8 m2, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í eldhús, stofu, borðstofu, 3 svefnherbergi, baðherbergi/þvottahús auk sér geymslu í kjallara. Svalir í suðurátt. **V. 56,9 m.**




## Þverholt – 270 Mosfellsbær

**Nýtt 30 íbúða fjölbýlishús á fallegum útsýnisstað við miðbæ Mosfellsbæjar. Stutt í alla þjónustu.**

Mjög fallegt og vel skipulagt lyftuhús á 3-4 hæðum auk bílakjallara. Húsið er einangrað og klætt að utan með fyrsta flokks álklæðningu. Öll stæði í bílakjallara eru tilbúinn fyrir rafhleðslustöðvar.

Allar íbúðirnar afhendast fullbúnar með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Innbyggður ísskápur og uppþvottavél er í innréttingu. Innfelld lýsing er að hluta til inni í íbúðum.

**Byggingaraðili er Byggingafélagið Bakki ehf. sem er fjölskyldufyrirtæki úr Mosfellsbæ með yfir 40 ára reynslu af húsbyggingum.**




## Hrafnshöfði 13 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 17:00 til 17:30**

Fallegt 230,2 m2 einbýlishús á einni hæð með stórum bílskúr. Eignin skiptist í hjónaherbergi með fataherbergi, þrjú barnaherbergi, vinnustofu/herbergi, sjónvarpsherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, forstofu, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. Stór timburverönd með heitum potti. Frábær staðsetning. **V. 99,9 m.**

## Stórikriki 1 - 270 Mosfellsbær






**Opið hús fimmtudaginn 11. júní frá kl. 17:00 til 17:30**

Mjög falleg og björt 166,6 m2, 3-4ra herbergja endaíbúð með glæsilegu útsýni í efstu hæð, ásamt bílskúr í lyftuhúsi. Eignin er skráð 166,6 m2, þar af íbúð 129,4 m2, geymsla 13,1 m2 og bílskúr 24,1 m2. Glæsilegt útsýni. Vinsæl staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ. Stutt í skóla og þjónustu. Íbúðin skiptist í rúmgóða stofu og borðstofu, eldhús, hjónaherbergi, svefnherbergi, sjónvarpshol(svefnherbergi á teikningu), forstofuhol, baðherbergi og þvottahús. Sérgeymsla í kjallara. Innangengt er inn í sameign hússins úr bílskúrnum. **V. 64,9 m.**

## Laxatunga 76 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús miðvikudaginn 10. júní frá kl. 17:00 til 17:30**

159,7 m2 raðhús á einni hæð með bílskúr. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, forstofu, hol, baðherbergi, eldhús, stofu og bílskúr með stóru geymsluloft. Steypt bílastæði með hitabræðslu. Stór afgirt timburverönd í suðurátt.

**V. 71,9 m.**

## Uglugata 48 - 270 Mosfellsbær





Mjög falleg og vel skipulögð 111,8 m2, 4ra herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð í fjórbýlishúsi. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, rúmgott baðherbergi, geymslu, eldhús og stofu. Stórar svalir í suðurátt. Fallegar innréttingar og gólfefni. **V. 55,5 m.**

## Klapparhlíð 26 - 270 Mosfellsbær




83,7 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi í tvejja hæða fjölbýlishúsi. Afgirt timburverönd í suðvestur. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús tvö svefnherbergi og baðherbergi.

**V. 43,9 m.**

## Ásland 18 - 270 Mosfellsbær



Fallegt 327,8 m2 einbýlishús á pöllum með tvöföldum bílskúr. Mikið útsýni er frá húsinu. Stórt hellulagt bílaplan. Tvennar svalir og stór timburverönd með heitum potti. Stórar stofur og rúmgóð svefnherbergi. Eignin var mikið endurnýjuð árið 2017.

**V. 113 m.**

## Mjóahlíð 16 - 105 Reykjavík




Björt og skemmtileg 68,3 m2, 2ja herbergja íbúð á annari hæð. Svalir í suður. Eignin skiptist í stofu, svefnherbergi, eldhús, hol og baðherbergi. Sameiginlegt þvottahús er í kjallara. Sérgeymsla með glugga er í húsi í bakgarði. **V. 35,5 m.**

## Kvíslartunga – 270 Mosfellsbær




Falleg og vel skipulögð 5-6 herbergja 230 m2 raðhús - tilbúin til innréttinga - á tveimur hæðum með bílskúr. Á jarðhæð er forstofa, bílskúr, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi, og geymsla. Á efri hæðinni er hjónaherbergi með fataherbergi, baðherbergi, eldhús, stofa, borðstofa og sjónvarpsstofa (hægt að breyta í svefnherbergi). **V. 64,9 m - 66,9 m.**

## Súluhöfði 42 - 270 Mosfellsbær



788,7 m2 byggingarlóð undir einbýlishús á einni hæð með glæsilegu útsýni neðst við golfvöllinn í Mosfellsbæ.

**V. 33,0 m.**

## Grundarstígur 11 - 101 Rvk



59, 2m tveggja herbergja íbúð á jarðhæð. Eignin skiptist í stofu, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi og geymslu. **V. 29,9 m.**

## Litlikriki 22 - 270 Mosfellsbær



Mjög glæsilegt 164 m2 endaraðhús á einni hæð með rúmgóðum bílskúr. Stórt hellulagt bílaplan með snjóbræðslu og stór timburverönd með heitum potti og geymsluskúr. Mikil lofthæð með innbyggðri lýsingu. Góð staðsetning. Stutt í skóla, þjónustu og miðbæ Mosfellsbæjar.

**V. 79,9 m.**

## Sölkugata 15 og 17 - 270 Mosfellsbæ



823,2 m2 lóðir fyrir einbýlishús á frábærum stað með fallegu útsýni við opið svæði í nýju hverfi í Helgafellslandinu.

**V. 29,9 m. á hvora lóð.**

## Bjartahlíð 19 - 270 Mosfellsbær



Fallegt 197,5 m2, 6 herbergja raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Á jarðhæðinni er stofa, borðstofa, eldhús m/borðkrók, hjónaherbergi, lítið barnaherbergi, baðherbergi m/sturtu og baðkari, þvottahús, geymsla og bílskúr með geymslulofti. Á efri hæðinni eru þrjú rúmgóð svefnherbergi og hol. Timburverönd í suðurátt og stórt hellulagt bílaplan er fyrir framan húsið sem rúmar fjóra bíla. **V. 77,7 m.**

## Hólmbergsbraut 5 – Reykjanesbær



Ný atvinnuhúsnæði sem afhendast í júlí 2020. Húsnæðin eru skráð ca. 127 m2 og auk þess eru ca. 40 m2 óskráð geymsluloft.

**V. 29,9m. - 33,9 m.**




**Útsýnisíbúð með tvennum svölum** Verð: 54,9 millj.

- Fjögur rúmgóð svefnherbergi
- Alls 138 fm að stærð m bílskúr
- Eldhús endurnýjað og wc að hluta
- Töluverð endurnýjun á húsi að utan
- Björt íbúð með stórum gluggum. Einstakt útsýni

Nánari upplýsingar:
**s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali




**Glæsilegt einbýlishús í Ártúnsholti** Verð: 104,5 millj.

- Glæsilegt 2 hæða hús m bílskúr
- Innkeyrsla með snjóbræðslu og stæði fyrir 7 bíla
- 4 svefnherbergi og stofa með útgengt út í garð
- Stór vel hirtur garður með gróðurhúsi
- Frábær staðsetning

Nánari upplýsingar:
**s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali




**Sérlega glæsileg 116 fm hæð** Verð: 78,5 millj.

- Nýjir gluggar á framhlið
- Tvískiptar rúmgóðar stofur
- Stórt svefnherbergi m aðgang að baðherb
- Eldri og einstaklega vel með farinn eldhúsinnrétting
- Upphitað bílastæði

Nánari upplýsingar:
**s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali




**Vel skipulögð og vel umgengin 168,1 fm 4ra herbergja endaíbúð á 2 hæð** Verð: 69,9 millj.

- Innangengt beint úr lyftu í íbúðina
- Hannað með þægindi íbúa í huga af Ingimundi Sveinssyni
- Sérstæði í bílgeymslu

Nánari upplýsingar:
**s. 893 9929 Páll Þórólfsson** löggiltur fasteignasali




**Sjarmerandi 46,9 fm, 2ja herbergja íbúð** Verð: 34,9 millj.

- Eldhús með opnum hillum
- Nýjir gluggar í allri íbúðinni
- Eldhús og stofa rúmgóð rými
- Fræbær staðsetning

Nánari upplýsingar:
**s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali




**Rúmgott 240 fm einbýlishús** Verð: 84,9 millj.

- Mörg svefnherbergi
- Stofur, m/arinn
- Bílskúr
- Gróinn garður

Nánari upplýsingar:
**s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali




**Falleg 3ja herbergja íbúð á 2 hæð** Verð: 46,5 millj.

- 2 svefnherbergi
- Nýtt parket
- Endurnýjað eldhús og baðherbergi
- Bílastæði í kjallara

Nánari upplýsingar: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
**s. 616 1313 Ólafur Finnbogason** löggiltur fasteignasali s. 822 2307




**2ja herb. 65 fm íbúð á jarðhæð í vesturbænum** Verð: 32,5 millj.

- Stór stofa og borðstofa með útgengi á góða tréverönd mót suðri.
- Bað hefur verið endurnýjað.
- Geymsla innan íbúðar.

Nánari upplýsingar: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
**s. 616 1313 Ólafur Finnbogason** löggiltur fasteignasali s. 822 2307




**182 fm timburhús með aukaíbúð við Óðinsgötu** Verð: 84,9 millj.

- Eignin skiptist í tvær íbúðir
- Stærri með eldhúsi og stofum á aðalhæð, 2 svefnh. og baði á 2. hæð
- Sukaíbúðin er 64 fm að stærð
- Þvottahús og geymslur í kjallara
- Tvö sérstæði eru í bakgarði

Nánari upplýsingar: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
**s. 616 1313 Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali s. 899 5856




**733 fm hús í Húnaþingi vestra Hótel Hvítserkur starfrækt í húsinu, staðsett í landi Þorfinnsstaða** Verð: 65 millj.

- 15 herbergi, svefnaðstaða f 34 manns
- 1,2 hektara lóð
- Mögulega hægt að kaupa Þorfinnsstaði með
- Þorfinnsstaðir er með húsakost og 430 ha jörð

Nánari upplýsingar:
**s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali




**Glæsilegt 197,2 fm einbýli (lögbýli) á fallegum stað við Laugargerði í Laugarás** Verð: 65 millj.

- Eignin er öll endurgerð með nýjum lögnum.
- Nýlegur tvískiptur 56 fm bílskúr með baðherbergi, ókláruðu rými og venjulegum bílskúr.
- Gólfhitalagnir í öllu húsinu.

Nánari upplýsingar:
**s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali




**Falleg, vel skipulögð og nánast algjörlega endurnýjuð 51,4 fm 2ja herb. íbúð á jarðh.** Verð: 34,9 millj.

- Útgengt er úr íbúð á hellulagða verönd til suðurs (sér afnotaréttur).
- Skólp var endurnýjað árið 2020 sem og raflagnir, gólfefni, hurðir, eldhús og baðherbergi.

Nánari upplýsingar:
**s. 893 9929 Páll Þórólfsson** löggiltur fasteignasali




**Mikið endurnýjuð og vel skipulögð 79,9 fm 3ja herbergja íbúð í kjallara** Verð: 39,5 millj.

- Íbúðin var öll tekin í gegn 2017
- Búið er að endurnýja rafmagn og lagnir
- Nýlegar innréttingar og gólfefni
- Góð eign í hjarta borgarinnar

Nánari upplýsingar:
**s. 778 7272 Axel Axelsson** löggiltur fasteignasali




**Fallega þriggja herbergja sérhæð** Verð: 45,9 millj.

- Stærð 78,3 fm staðsett á 1 hæð
- Mikil endurbætt eign
- Frábært staðsetning

Nánari upplýsingar:
**s. 691 1931 Óskar H. Bjarnasen** löggiltur fasteignasali




**Glæsilegur 170 fm sumarbústaður í Öndverðarnesi, Þrastarskógi í Grímsnesi** Verð: 89,9 millj.

- Í næsta nágrenni við golfvöll og sundlaug
- Skiptist í anddyri, þvottahús, baðherbergi, 4 svefnherbergi, setustofu, eldhús, stofu, gufubað, aukabaðherbergi, geymslur og heitur pottur.

Nánari upplýsingar:
**s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

**MIKLABORG** – Með þér alla leið



# OPIÐ HÚS
**þriðjudaginn 9. júní kl. 17:00 - 17:30**

## Tröllakór 6-10
**201 Kópavogur**

**3-4ra herb endaíbúð á efstu hæð**

- 120 fm íbúð ásamt 31 fm bílskúr
- Frábært útsýni
- Vönduð eldhúsinnr m uppþv.
- Tvöfaldur ísskápur fylgir
- Tvö mjög rúmgóð svefnherb.
- Þvottahús innan íbúðar

Verð: **63 millj.**




**Ólafur Finnbogason** lögg. fasteignasali Sími: 822 2307 olafur@miklaborg.is

**Jón Rafn Valdimars** lögg. fasteignasali Sími: 695 5520 jon@miklaborg.is




# OPIÐ HÚS
**miðvikudaginn 10. júní kl. 18:00 - 18:30**

## Ásakór 2
**203 Kópavogur**

**Björt og falleg 4ra herb endaíbúð**

- Gott fjölbýli (byggt af ÍAV)
- Stór stofa, glæsilegt eldhús, svalir með lokun
- Tvö svefnherbergi en þrjú skv teikningu
- Gott baðherbergi og sér þvottahús
- Stæði í bílageymslu og góð

Verð: **59,9 millj.**




**Atli S. Sigvarðsson** lögg. fasteignasali Sími: 899 1178 atli@miklaborg.is





# OPIÐ HÚS
**þriðjudaginn 9. júní kl. 16:00 - 16:30**

## Strikið 8
**210 Garðabær**

**Tveggja herb, 82,6 fm íbúð á 2 hæð fyrir 60 ára og eldri**

- Íbúðin er með yfirbyggðum svölum
- Eignin er án stæðis í bílageymslu
- Í sameign er stór samkomusalur á jarðhæð með eldhúsi og salerni

Verð: **48,5 millj.**




**Axel Axelsson** lögg. fasteignasali sími: 778 7272 axel@miklaborg.is




# OPIÐ HÚS
**miðvikudaginn 10. júní kl. 17:00 - 17:30**

## Álfhólsvegur 73
**200 Kópavogur**

**Í byggingu 108 - 120 fm íbúðir í nýju fjórbýlishúsi**

- Rúmgóðar og vel skipulagðar íbúðir 3ja - 4ra herb
- Eftirsóttur staður við Álfhólsveg með góðu útsýni Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna
- Sér inngangur í allar íbúðir

Verð frá: **66,4 millj.**




**Atli S. Sigvarðsson** lögg. fasteignasali Sími: 899 1178 atli@miklaborg.is




# OPIÐ HÚS
**fimmtudaginn 11. júní kl. 17:30 - 18:00**

## Dalbrekka 10
**200 Kópavogur**

**Glæsileg og vel skipulögð 3 herbergja íbúð á 3. hæð**

- Vandaðar innréttingar frá GKS
- Tvennar svalir
- Skilast fullfrágengin með gólfefnum
- Afhending áætluð í júní / júlí

Verð: **53,5 millj.**




**Friðjón Ö. Magnússon** aðst. fasteignasala Sími: 692 2704 fridjon@miklaborg.is

**Gunnar H. Einarsson** lögg. fasteignasali Sími: 615 6181 gh@miklaborg.is




# OPIÐ HÚS
**þriðjudaginn 9 júní frá kl 17:00 -17:30**

## Gulaþing 32
**203 Kópavogur**

**Stílhrein íbúð með sér inngangi**

- Alls 175 fm
- þar af bílskúr 42 fm
- Stórt alrými
- Svalir og sér verönd
- Tvö rúmgóð svefnherbergi
- Heitur pottur á verönd
- Gott viðhaldslétt hús

Verð: **69,9 millj.**




**Jón Rafn Valdimars** lögg. fasteignasali Sími: 695 5520 jon@miklaborg.is





## Asparskógar 6
301 Akranes

**Virkilega fallegt og fjölskylduvænt hús vel staðsett á lokuðu frístundahússvæði í Svarfhólsskógi Hvalfjarðarsveit.**

Verð: **27.5 millj.**

- Fjögur svefnherbergi þ.e. tvö á jarðhæð og tvö á svefnlofti
- Heitt vatn og rafmagn
- Góð upplýst aðkoma og stór heimreið

Nánari upplýsingar:
**s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali




## Fitjahlíð 59
311 Skorradalshreppur

**instaklega notalegur og hlýr bústaður í landi Fitja Skorradal**

Verð: **16,2 millj.**

- Húsið stendur á 2000 fm leigulóð
- Lóðin er skógi vaxinn, einstaklega falleg og veitir gott skjól
- Kalt vatn, rafmagn og nýlegur hitakútur

Nánari upplýsingar:
**s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali




## Hraunbær 132
110 Reykjavík

**Rúmgóð 98 fm, 4ra herbergja endaíbúð á 1. hæð**

Verð: **38,5 millj.**

- Þrjú góð svefnherbergi og stór stofa
- Snyrtileg sameign

Nánari upplýsingar:
**s. 778 7272 Axel Axelsson** löggiltur fasteignasali




## Holtabyggð 105
845 Hrunamannahreppur

**Mjög gott heilsárshús á tveimur hæðum í landi Syðra-Langholts á Flúðum**

Verð: **39,9 millj.**

- Afar gott útsýni er frá efri hæð hússins
- Húsið stendur á 14.100 fm leigulandi og til viðbótar fylgir með lóðin við hliðin á (nr. 106) sem er 13.100 fm.
- Saunaklefi og pottur

Nánari upplýsingar:
**s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali




## Oddsholt 33
801 Grímsnes

**81 fm sumarhús stutt frá Minni Borgum**

Verð: **34,9 millj.**

- Rúmgóð stofa, góð lofthæð
- 16 fm sólskáli og 10 fm geymsla til viðbótar
- Tvö svefnherbergi Falleg innrétting í opnu eldhúsi
- Heitur pottur, 120 fm viðarpallur
- Fallegt víðsýnt útsýni

Nánari upplýsingar:
**s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali



## Laxalind 19
201 Kópavogur

**Glæsilegt og vandað 194,9 fm parhús innst í botlanga**

Verð: **99,5 millj.**

- Heitur pottur í garði, arinn í stofu, mikið útsýni og mjög rúmgóð aðkoma
- Aðalhæð með glæsilegum stofum og eldhúsi, snyrtingu og bílskúr
- Neðri hæð með 3 svefnherbergjum, sjónvarsholi sem getur verið herbergi, mjög glæsilegu baðherbergi og þvottahús

Nánari upplýsingar:
**s. 697 9300 Svan G. Guðlaugsson** löggiltur fasteignasali

# Opið hús í dag 9.júní kl. 17:30 – 18:00



## Gerðarbrunnur 2 fjölbýli. Nýtt í sölu í Úlfarsárdal

Nýtt fallegt tveggja hæða 6 íbúða fjölbýli í fjölskylduvænu umhverfi. Húsið er einangrað og klætt að utan með álklæðningu. Álklæddir timburgluggar. Stæði í opinni bílageymslu fylgja 3ja og 4ra herbergja íbúðunum. Góð staðsetning neðst í Úlfarsárdal, skóli, leikskóli og íþróttasvæði í næsta nágrenni. Afhending í júní 2020.



4ra herbergja íbúðir
121,9 fm
Verð frá 57,9 millj.
Bílastæði í bílageymslu



3ja herbergja íbúðir
93,1 fm
Verð 49,9 millj.
Bílastæði í bílageymslu



Guðbjörg Guðmundsdóttir
löggiltur fasteignasali
gudbjorg@fjolhus.is
sími: 899 5533



Thelma Víglundsdóttir,
löggiltur fasteignasali
thelma@fjolhus.is
sími: 860 4700

FJÖLHÚS
FASTEIGNASALA

www.fjolhus.is Lágmúla 6 sími 511 1020




SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

valborgfs.is

VALBORG
FASTEIGNASALA OG RÁÐGJÖF

# Kringlan – Stóri turn

## Vandað skrifstofuhúsnæði





**Kringlan 4–6**
Mikið endurnýjað skrifstofuhúsnæði á 6. hæð í Kringlunni 4–6 (Stóra turninum). Um er að ræða tvö rými sem eru annars vegar 167 fm og hins vegar 96 fm, en hægt er að sameina þau. Húsnæðið er allt mjög smekklega nýuppgert, með nýju parketi, kerfisloftum og nýmálað. Mjög vönduð eign með miklu útsýni yfir höfuðborgina. Sjón er sögu ríkari.

## Vantar allar gerðir eigna á söluskrá

### Skoðum og verðmetum eignir samdægurs



**Elvar Guðjónsson**
Viðskiptafræðingur
Sími 895 4000
elvar@valborgfs.is



**María Sigurðardóttir**
Viðskiptafræðingur
Sími 820 1780
maria@valborgfs.is



**Þórður Heimir Sveinsson**
Lögmaður og löggiltur fasteignasali
thordur@valborgfs.is
**Yfir 20 ára reynsla í fasteignaviðskiptum**

Nóatún 17 | 105 Reykjavík | valborg@valborgfs.is | Sími 419 7900

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**



# FOLD FASTEIGNASALA

*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*




**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

**Gústaf Adolf Björnsson**
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

**Anna Ólafía Guðnadóttir**
íslenskufræðingur

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044

**Einar Marteinsson**
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132


## Háaleitisbraut 52, 108 Rvk., 4ra.
**OPIÐ HÚS ÞRI 9/6 KL. 16:30-17:00.**




107,2 fm falleg og vel skipulögð íbúð á 4. hæð (íbúð 401) á góðum stað ofarlega við Háaleitisbraut. Verið er að gera við og mála húsið að utan á kostnað seljanda. Íbúðin er vel skipulögð og með frá frábæru útsýni. Þrjú svefnherbergi. Svalir í suð-vestur.
**Verð 45,9 millj.**
**Opið hús þriðjudaginn 9. júní kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

## Eskihlíð , 105 Rvk. 2ja.
**OPIÐ HÚS ÞRI 9/6 KL. 16:30-17:00.**




Eskihlíð 29: Ca. 74 fm falleg og vel skipulögð 73,8 fm kjallaraíbúð í 4-býli. Íbúðin skiptist í rúmgóða stofu, eldhús og svefnherbergi með nýju harðparketi, baðherbergi o.fl. Sérinngangur. Góð staðsetning í Hlíðunum. Hentar vel fyrir gæludýraeigendur.
**Verð 35,9 millj.**
**Opið hús þriðjudaginn 9. júní kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

## Maríubakki 24, 109 Rvk.,
**3JA HERBERGJA Á 2. HÆÐ.**




Íbúðin er 78,8 fm ásamt tveimur geymslum í kjallara, samtals 91 fm. Parket og flísar á gólfum. Tvö svefnherbergi. Þvottahús og búr innan íbúðar. Svalir í suð-vestur. Íbúðin er vel skipulögð og fengið gott viðhald. Nýtt gler og gluggar. Endurnýjuð eldhúsinnrétting.
**Verð 38,9 millj.**
**Nánari upplýsingar gefur Gústaf Adolf lgf., gustaf@fold.is / 895-7205.**

## Jörfagrund 48, 116 Kjalarnesi,
**REYKJAVÍK. 4RA HERBERGJA Á 2. HÆÐ.**



Ca. 92 fm. falleg 4ra herbergja íbúð með sérinngangi frá svölum á rólegum stað á Kjalarnesi. Þrjú svefnherbergi, eldhús opið í stofu. Þvottaaðstaða á baði. Geymsla innan íbúðar. Suðursvalir. Íbúðin er laus við kaupsamning.
**Gott verð 33,9 millj.**
**Nánari upplýsingar á fold@fold.is.**

## Dynjandisvegur, 801 Selfoss,
**HEILSÁRSHÚS NÁLÆGT SKÁLHOLTI.**



Dynjandisvegur 23. Rúmlega 100 fm nýlegt heilsárshús á frábærum stað, nálægt Skálholti og Reykholti í Bláskógabyggð. Í húsinu eru þrjú góð svefnherbergi auk óskráðs svefnrýmis í risi. Hitaveita og heitur pottur. Húsið stendur hátt með miklu útsýni yfir Brúará og til fjalla. Vönduð eign á frábærum stað. **Verð 39,9 millj.**
**Velkomið að panta tíma fyrir skoðun.**

## Óskum eftir

- **Íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila.**
- **Traustar greiðslur**
- **Langur leigutími.**

**Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

## Hvað kostar eignin mín?
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

## *Þú finnur okkur á fold.is*

# HÍBÝLI FASTEIGNASALA

Kringlan 4-6, 103 Reykjavík - hibyli.is - hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800




Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali. S. 864-8800

Þórður S. Ólafsson, löggiltur fasteignasali.

Ólafur Már Ólafsson, löggiltur fasteignasali. S. 865-8515

Björg Ágústsdóttir, skrifstofa





### Miðstræti 5 - 101 Reykjavík
**-145,7 fm - verð 77 millj.**



Glæsileg og mikið uppgerð hæð í afar fallegu húsi við Miðstræti í Þingholtunum. Eignin er skráð 145,7 fm (þar af geymsla 20,2 fm). Aukin lofthæð, fallegir loftlistar, rósettur í loftum og viðargerefti um hurðir og glugga setja mikinn og fallegan svip á íbúðina - Upphaflegt útlit og skipulag eignarinnar hefur fengið að halda sér. Eignin skiptist í forstofu, setustofu, borðstofu, eldhús, tvö rúmgóð svefnherbergi og endurnýjað baðherbergi með tengi fyrir þvottavél. Glæsileg eign í reisulegu húsi við þessa sögufrægu og rólegu götu.




### Mávahlíð 1 - 105 Reykjavík
**- 92,1 fm - verð 46,8 millj.**
**Opið hús miðvikudag 10. júní 17:00 - 17:30**



Falleg og björt 3ja herbergja íbúð í reisulegu steinhúsi við Mávahlíð. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Íbúðin er afar rúmgóð - samtals 92,1 fm (þar af geymsla 0,6 fm). Íbúðin skiptist í forstofu/hol, stóra setustofu með útgengi á suðursvalir, tvö rúmgóð svefnherbergi, eldhús og baðherbergi með tengi fyrir þvottavél. Sameiginlegt þvottahús í kjallara. Falleg íbúð á eftirsóttum stað neðarlega í Hlíðunum




### Tjarnargata 47 - 101 Reykjavík
**- 91,5 fm - verð 57,9 millj.**
**Opið hús þriðjudag 9. júní 17:15 - 17:45**



Einstaklega björt og falleg sérhæð í hjarta borgarinnar við Hljómskálagarðinn og Tjörnina. Íbúðin er á miðhæð með sérinngangi í þriggja íbúða húsi. Eignin skiptist í eldhús opið við borðstofu sem var endurnýjað fyrir fáeinum árum, setustofa, rennihurðir á milli. Þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Sameiginlegt þvottahús og stór sameiginlegur garður. Frábær staðsetning í hjarta miðborgarinnar með stórum sólríkum garði




### Holtsgata 9, 101 Reykjavík
**- 84,1 fm - verð 42,5 millj. - laus strax**
**Opið hús þriðjudag 9. júní 17:00 - 17:30**



Afar falleg og björt 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með afgirtri verönd og stæði í bílskýli. Íbúðin skiptist í gott anddyri, eldhús, stofa/borðstofa sem eru opin og samliggjandi rými, baðherbergi, svefnherbergi og baðbergi. Frábær staðsetning í miðbæ Garðabæjar. Stutt í alla helstu þjónustu svo sem skóla, leikskóla, frístunda og íþróttaiðkun, heilsugæslu, verslanir, apótek, bókasafn ofl.




### Neðstaleiti 22, 103 Rvk.
**- 234,3 fm - raðhús - Tvær íbúðir - verð 98,9 millj.**



Fallegt og mikið endurnýjað 234,3 fm tvílyft raðhús með innbyggðum bílskúr. Skv. skráningu Þjóðskrár er íbúð á neðri hæð 99,2 fm, efri hæð er 109,9 og bílskúr er 26,2 fm. Í dag er húsið nýtt sem tvær aðskildar íbúðir - en væri auðvelt að nýta það fyrir eina fjölskyldu. Á neðri hæð er 2ja herbergja íbúð.Á efri hæð eru samliggjandi eldhús, borðstofa og setustofa, tvö stór svefnherbergi, þvottahús og baðherbergi.




### Aragata 16, 101 Reykjavík
**- 213,6 fm - hæð og bílskúr - verð 97 millj.**



Stór og vegleg efri sérhæð (187 fm) ásamt bílskúr (26,6 fm) samtals 213,6 fm á góðum og eftirsóttum stað við Aragötu í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, hol, gestasalerni, stór setustofa, rúmgóð borðstofa er opin við sólstofu og þaðan er útgengt í garðinn, innangengt í eldhús úr borðstofu, eldhús með endurnýjaðri eikarinnréttingu. Í svefnálmu er hjónaherbergi, tvö barnaherbergi og baðherbergi. Þvottahús er innan íbúðar. Garðurinn kringum húsið er gróinn, skjólsæll og fallegur. Bílskúr er við hlið hússins.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Rekagrandi 14, leikskóli

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 13. maí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 28. maí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Eiðsgranda, miðsvæði, vegna lóðarinnar nr. 14 við Rekagranda. Í breytingunni felst að lóð leikskólans stækkar ásamt því að girðingu verður breytt, afmarkaður er annars vegar byggingarreitur fyrir færanlegar stofur og hins vegar byggingarreitur fyrir möguleika á stækkun núverandi leikskóla til suðurs og vesturs ásamt því að 4 bílastæði í borgarlandi auk snúningsreits verður aflagt. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Rökkvatjörn 1

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 13. maí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 28. maí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 1 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst að hæð húsa hækkar vegna aukinnar salarhæðar fyrir verslun og þjónusturými, íbúðum og bílastæðum fjölgað, stærð svala út fyrir byggingarreit stækkuð, heimild til að flytja byggingarmagn milli húsa innan lóðarinnar og fallið er frá kröfu um fjölda arkitekta á byggingum á lóðinni. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 9. júní 2020 til og með 21. júlí 2020**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www. reykjavik.is***, **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 21. júlí 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 9. júní 2020
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

## SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ FORKYNNING

**BÚSETUKJARNAR Í BERGÁS 3 OG BREKKUÁS 2 BREYTING Á DEILISKIPULAGI HRAUNSHOLTS VESTRA (ÁSAHVERFIS)**
Í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Garðabær hér með forkynningu á tveimur tillögum að deiliskipulags-breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfi).

**Bergás 3, tillaga að breytingu á deiliskipulagi.**
Gert er ráð fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk við Bergás 3. Tillagan gerir ráð fyrir því að lóð fyrir hverfismiðstöð við enda götunnar breytist í lóð fyrir samfélagsþjónustu þar sem reisa má einnar hæðar byggingu fyrir 6-7 íbúðir. Á lóðinni skulu vera að lágmarki 7 bílastæði en jafnframt verður mögulegt að nýta bílastæði á bæjarlandi á milli lóðar búsetukjarnans og leikskólans, þar sem komið verður fyrir 17 bílastæðum. Lega göngustíga breytist lítillega.

**Brekkuás 2, tillaga að breytingu á deiliskipulagi.**
Gert er ráð fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk við Brekkuás 2. Við Brekkuás breytist leikskólalóð í lóð fyrir samfélagsþjónustu þar sem reisa má einnar hæðar byggingu fyrir 6-7 íbúðir. Gert er ráð fyrir 11 bílastæðum á lóð, þar af 2 fyrir fatlaða. Tillagan gerir ráð fyrir leiksvæði norðar á opna svæðinu.

**Kynningarfundur verður haldinn í fundarsal Sveinatungu, Garðatorgi 7, þriðjudaginn 23. júní kl. 17:00. Þar verða tillögurnar kynntar og fyrirspurnum svarað. Fundinum verður einnig streymt á Facebook síðu Garðabæjar og þar verður hægt að senda inn fyrirspurnir sem svarað verður í lok fundarins.**

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 9. júní til og með 1. júlí 2020. Einnig eru þær aðgengilegar á vef Garðabæjar. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn ábendingar við tillögurnar.

**Frestur til að skila inn ábendingum rennur út miðvikudaginn 1. júlí 2020.** Skila skal ábendingum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða á netfangið skipulag@gardabaer.is

GARÐABÆR
gardabaer.is


Lárus Ómarsson | löggiltur fasteignasali



## Hrólfsskálamelur 5 | 170 Seltjarnarnes

Til sölu er mjög falleg tveggja herbergja íbúð á þriðju hæð í nýju lyftuhúsi og flottu útsýni á Seltjarnarnesi. Vandaðar innréttingar sem hannaðar eru af Berglindi Berndsen og Helgu Sigurbjarnardóttur. Með íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu.

Í stofu og svefnherbergi er aukin lofthæð, 2,85 metrar. Fullkomið loftræstikerfi er í húsinu.

**Stærð:** 74,1 fermetrar
**Verð:** 53,5 milljónir

Hafið samband á nyhofn@nyhofn.is eða í síma 515 4500

nýhöfn
FASTEIGNASALA

Þú ert ráðin/n!
Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum
www.fastradningar.is
FAST Ráðningar



# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bilauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bátar

**VEIÐIBÆNDUR**
Þjórsá, Ölfusá, Hvítá, Lagarfljót, laxanetin tilbúin. Þekking,reynsla og gæði.Heimavik ehf. S 892 8655 www.heimavik.is

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Sláttur og öll almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Múrarar

Rúnar múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:780-2838

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**HÚSASMÍÐI:**
getum bætt við okkur verkefnum, nýsmiði, viðgerðir og viðhald.
**Uppl. í s. 858 3300**
**serfagehf@gmail.com**

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Tek að mér gluggasmiði og ýmis viðhaldsverk. S: 899-4049

Rúnar múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:780-2838

Höfum í boði verkamenn og aðstoðarmenn til ýmissa starfa td. Málara, smiði og fleira. Upplýsingar í síma 7803344 eða í netfangið starfsmidlun@gmail.com

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu



mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122

## Skólar & Námskeið

### Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskútu, námskeið fyrir börn og fullorðna.
**Siglingafélag Reykjavíkur - www.brokey.is - brokey.felog.is**

Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á að leika sér

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

**NULL**
Óska eftir manni í húsaviðgerðir, múr og málun. Einhver reynsla æskileg.

Uppl: 618 5286 Þórður.

**VÉLVIRKI EÐA VANUR MAÐUR ÓSKAST**
Álheimar óskar eftir að ráða vélvirkja, bifvélavirkja eða vanan mann í málmsmíði / vélavinnu. Fjölbreytt framtíðarstarf, góð vinnuaðstaða. Uppl. í s. 869 1122, efnir@efnir.is www.alheimar.is

OKKAR ALLRA BEZTU VIFTUR



-100 HRAÐAR
-KRAFTMIKLAR
-HLJÓÐLÁTAR

VORNADO

ÍSHÚSIÐ EHF - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMIÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur
viftur.is
Andaðu léttar...

# Ódýrasti smájeppinn fyrir íslenskar aðstæður

AÐEINS
33.830
Á MÁNUÐI*



DACIA 4x4
DUSTER

VERÐ FRÁ AÐEINS
2.790
ÞÚSUND stgr.

Skoðum með uppítöku
á öllum tegundum bifreiða

- Beinskiptur
- Bensín
- 114 hö.

**Komið** og reynsluakið

* m.v 20% útborgun og lán til 84 mánaða.

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

STÓRA BÍLASALAN
*...á verði fyrir þig!*



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi



HAGVANGUR

hagvangur.is



Þægilegar sturturnar eru eins og þær komi upp úr jörðinni.



Jarðböðin við Mývatn eru í ægifagurri náttúru. Vatnið er bæði heilsusamlegt og afslappandi fyrir gesti.



Barinn er úti í vatninu og hægt að synda að honum og fá sér hressandi drykk.

# Jarðböð í ógleymanlegri náttúru

Jarðböð hafa verið stunduð í Mývatnssveit allt frá landnámsöld. Árið 2003 var ráðist í framkvæmdir og Jarðböðin opnuð 30. júní 2004. Þar er nú fullkomin og notaleg aðstaða fyrir gesti.

Baðfélag Mývatnssveitar var stofnað 1996 og hugmyndir þess voru að nýta jarðvarmann til uppbyggingar á fullkominni baðaðstöðu við Jarðbaðshóla. Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, mannauðs- og markaðsstjóri hjá Jarðböðunum við Mývatn, segir að lagt sé mikið upp úr því að gestir upplifi slökun og vellíðan í böðunum og njóti um leið náttúrufegurðarinnar allt um kring. Baðlónið er 35–39°C heitt. „Auk þess erum við með tvö náttúruleg gufuböð þar sem gufan streymir upp úr jörðinni í gegnum ventla. Gufan er því algjörlega ómeðhöndluð og stjórnast af náttúrunni og veðri hvers tíma. Hitastigið í gufunni er á milli 42–47°C," segir Ragnhildur og bætir við að lónið sjálft sé manngert, botninn er þakinn sandi og fíngerðri möl.

## Heilsusamlegt bað

„Vatnið er einstakt á marga vegu en helstu einkenni þess eru hversu steinefnaríkt og basískt það er, sem gerir það frábært til böðunar. Það er einnig silkimjúkt viðkomu og því mjög þægilegt að liggja í því.

Vatnið í Jarðböðunum inniheldur einnig hærra magn brennisteins en almennt þekkist og hann er talinn hafa jákvæð áhrif á astma og aðra öndunarfærasjúkdóma. Einnig er talið að snefilefni í vatninu hafi jákvæð áhrif á húðvandamál eins og psoriasis og exem og gestir með húðvandamál hafa séð og fundið mun á húðinni eftir böð. Efnasamsetning vatnsins gerir það að verkum að bakteríur og gróður þrífast ekki og notkun klórs eða annarra sótthreinsiefna er óþörf," upplýsir Ragnhildur.



Kaffi Kvika býður upp á margvíslega hressingu.



Við Jarðböðin er hægt að leggjast í sólstól á milli sundæfinga og láta sólina baka sig í afslöppuðu umhverfi sem er þarna allt um kring á Mývatni.

## Ógleymanleg náttúra

„Náttúran og umhverfið í Mývatnssveit er ógleymanlegt og við erum svo heppin að hafa dásamlegt útsýni yfir sveitina frá Jarðböðunum. Gestir, hvort sem þeir eru að koma í fyrsta skiptið eða 15. skiptið í Mývatnssveit, eru ávallt jafn fullir aðdáunar á fallegu sveitinni okkar og því sem hún hefur upp á að bjóða."

Klefarnir við Jarðböðin voru teknir í gegn í fyrravetur og var aðstaðan bætt til muna um leið. Í öllum klefum eru til að mynda einkasturtur. Gestir geta leigt handklæði, sundföt og baðsloppa.

Ragnhildur segir að mælt sé með að fólk bóki heimsókn fyrirfram á heimasíðu Jarðbaðanna og sérstaklega yfir hásumarið. Það er alltaf hægt að breyta dagsetningu eða tímasetningu á bókuninni með því að hafa samband. „Auðvitað er hægt að mæta á svæðið en þá geta gestir lent í biðröð en við reynum að sjálfsögðu að koma gestum að sem fyrst. Ef um lengri bið er að ræða þá er upplagt að fá sér hressingu í Kaffi Kviku en þar bjóðum við upp á létta rétti, drykki, kaffi og bakkelsi. Kaffi Kvika býður til dæmis upp á samlokur, súpu, panini, ostabakka, ávaxtabakka, smoothies, bakkelsi, kaffi og fleira og það er upplagt að fá sér hressingu eftir eða áður en maður fer ofan í baðlónið. Þá fórum við í framkvæmdir í vetur og settum niður bar í austurhluta lónsins, þar sem gestir geta synt upp að glugganum og keypt drykki. Við seljum sérstök drykkjararmbönd í afgreiðslunni sem gestir nota við að panta sér á barnum, hvort sem um áfenga eða óáfenga drykki er að ræða," greinir hún frá.

## Hlakka til sumarsins

Í Jarðböðin við Mývatn kemur fólk á öllum aldri. Frítt er fyrir börn, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum.

Ragnhildur segir að Íslendingar hafi ekki verið stærsti kúnnahópurinn hingað til þótt margir hafi notið þess að heimsækja Jarðböðin. „Íslendingar eru duglegir við að heimsækja okkur á veturna en síður á sumrin og þess vegna hlökkum við mikið til að taka á móti samlöndum okkar í sumar með bros á vör.

Mývatnssveit er hin fullkomna staðsetning fyrir nokkurra nátta dvöl. Hér á svæðinu er urmull af gistimöguleikum og best er að skoða visitmyvatn.is til að sjá hvað er í boði. Frá Mývatnssveit er stutt að ferðast til Húsavíkur, í Ásbyrgi, Dettifoss, Aldeyjarfoss og jafnvel inn að Öskju. Það má þó ekki gleyma að það er hægt að verja nokkrum dögum í að skoða áhugaverða staði hérna í sveitinni. Það gefur því augaleið að hér á svæðinu er hæglega hægt að eyða mörgum dögum," segir hún.

Opnunartími í Jarðböðunum við Mývatn er fram til 19. júní frá 16–21 á virkum dögum. Um helgar og á 17. júní er opið frá 12–21. Frá og með 19. júní verður opið alla daga vikunnar frá 12–22. Allar upplýsingar um opnunartíma er að finna á heimasíðunni, jardbodin.is. Þar er einnig hægt að finna upplýsingar um verð og fleira. Þá er vert að minnast á opnunartilboðið sem verður í gildi fram á sumarið, 2 fyrir 1 af aðgangseyri. Einnig er hægt að hringja í síma 464-4411 eða senda póst á info@jardbodin.is




Útsýnið frá Bruggsmiðju Kalda er ægifagurt og upplifunin algjörlega ógleymanleg.



Hægt er að njóta útsýnisins yfir Eyjafjörðinn úr tveimur útipottum.



Á veitingastaðnum er mikið úrval ljúffengra rétta þar sem Kaldi kemur oftar en ekki við sögu.

# Unaðsleg slökun í dýrðlegu umhverfi



Ester Líf Ólafsdóttir segir fátt jafnast á við notalega stund í bjórböðunum hjá Bruggsmiðju Kalda.

**Fyrir þremur árum voru bjórböðin hjá bruggsmiðju Kalda sett á laggirnar. Þar gefst gestum kostur á að endurnæra líkama og sál í stórbrotnu umhverfi.**

Fjölskyldufyrirtækið Kaldi var stofnað af hjónunum Agnesi Önnu Sigurðardóttur og Ólafi Þresti Ólafssyni árið 2006. Þau fengu til sín bruggmeistara frá Tékklandi. Dóttir þeirra, hin 24 ára gamla Ester Líf Ólafsdóttir, segir móður sína hafa fengið hugmyndina að bjórböðunum í ferðalagi í Tékklandi.

„Foreldrar mínir fengu til liðs við sig bruggmeistara frá Tékklandi þegar þau opnuðu Bruggsmiðjuna á sínum tíma. Það var svo í Tékklandi árið 2008 sem mamma prófaði fyrst að fara í bjórbað.“

## Einstök upplifun

Þá varð ekki aftur snúið. „Hún ákvað þá á staðnum að hún ætlaði sjálf að opna bjórböð á Árskógssandi. Svo beið hún eftir rétta augnablikinu og síðan fóru þau á fullt árið 2016 ásamt bróður mínum og mágkonu, Sigurði Braga og Ragnheiði. Farið var í að finna ker og sníða þetta eftir því hvernig við vildum hafa þetta. Þau höfðu þegar farið í nokkur böð í Evrópu og reyndu að taka það besta af þeim stöðum með það í huga að þetta yrði afslöppuð upplifun fyrir gestina. Við opnuðum svo hérna 1. júní 2017.“

Bjórböðin njóta mikillar sérstöðu hér á landi og þótt víðar væri leitað. „Við erum fyrst hérna á Norðurlöndunum, þetta er að mestu leyti í Mið-Evrópu, Tékklandi, Slóvakíu og Slóveníu og löndunum þar í kring, ég veit ekki til þess að þetta sé annars staðar.“

Í bjórböðunum njóta gestir þess að baða sig upp úr sérstakri blöndu af óáfengum bjór og ýmsum öðrum mýkjandi og endurnærandi innihaldsefnum. „Við notum ungan bjór sem við bruggum sér en hann er ekki orðinn áfengur. Bæði er það betra fyrir húðina og gerir það að verkum að í rauninni mega allir fara í það, líka börn og þungaðar konur,“ og eru því engar takmarkanir á því hver megi prófa. „Svo er það gerið sem við setjum út í, sem er í rauninni búið að vera að gerjast í Kalda og við töppum svo undan tönkunum. Þannig að við erum að nýta það sem hefði annars verið skolað niður.“

## Róar og kælir húðina

Gerið sé allra meina bót. „Það er ekki síst gerið sem gerir húðina svo mjúka. Þetta er svona bruggarager, þykkt, froðukennt og sneisafullt af B-vítamínum. Ef einhver brennir sig í fjölskyldunni þá setjum við ger beint á, það er svo kælandi og róandi fyrir húðina,“ segir Ester. „Síðan eru það humlar sem við setjum út í, sams konar humlar og við notum til að brugga, í kubbaformi, ásamt bjórbaðolíu og bjórbaðsalti sem eru hluti af vörunum sem við flytjum inn frá Tékklandi.“

Hægt er að njóta baðsins í einrúmi eða með öðrum. „Við erum með sjö baðkör sem eru öll inni í lokuðu herbergi svo það er mikið næði. Baðkörin eru öll tveggja manna en fólki er auðvitað velkomið að fara eitt ef það kýs það. Við mælum samt með því, ef fólk er eitthvað efins, að fara frekar saman vegna þess að það er afskaplega notalegt að njóta félagsskapar í baðkarinu, hvort sem það er par eða vinir. Við hliðina á hverju baði er svo bjórdæla þannig að fólk getur fengið sér Kalda að vild á meðan. Þetta er jú gott að innan sem utan,“ segir Ester.

„Að baðferðinni lokinni halda gestir svo á slökunarloftið þar sem hægt er að vefja sig inn í lak, breiða yfir sig teppi og njóta þess að slaka á við rólega tóna.“ Gestum er ráðlagt að þvo sér ekki strax eftir bjórbaðið svo að hámarksvirkni sé náð. „Við mælum með því að fólk fari ekki í sturtu eftir baðið, allavega fyrstu þrjá tímana. Húðin verður svo mjúk, og þetta verður til þess að áhrifin verða sem mest. Fólk finnur alveg mun ef það sturtar sig ekki, húðin verður mjúk samstundis og heldur svo áfram að mýkjast eftir á.“

Bjórböðin henta einnig þeim sem eru með viðkvæma húð. „Hver sem er getur farið í bað og við höfum meira að segja fengið til okkar fólk sem hefur verið að glíma við húðvandamál og það talar vel um þetta, segir að þetta sé róandi fyrir húðina.“ Ítrasta hreinlætis er ávallt gætt. „Við blöndum alltaf nýja blöndu fyrir hvern kúnna og sótthreinsum baðið á milli. Þannig að við pössum vel upp á hreinlæti.“

## Nætursól og veitingar

Þá stendur gestum til boða að njóta ægifagurs útsýnisins úr hefðbundnum útipottum. „Við erum líka með tvo útipotta, að vísu bara með vatni, sem fólki er velkomið að fara í fyrir eða eftir baðið. Þar erum við með fallegt útsýni yfir Eyjafjörðinn og á sumrin fáum við að njóta nætursólarinnar. Það eru líka oft hvalir í firðinum svo að það er næstum því hægt að vera í hvalaskoðun á sama tíma.“



Húðin verður silkimjúk eftir slökunina í bjórbaðinu.

Einnig geta gestir gætt sér á ljúffengum veitingum. „Við erum með veitingastað þar sem við leggjum áherslu á að nota bjórinn eins og hægt er. Við notum hann til dæmis í hamborgarana okkar, til þess að binda kjötið, í sósur, alls konar deig og til að steikja upp úr.“

Nú eru eflaust margir sem velta fyrir sér hvernig lyktin sé. „Við fáum oft þessa spurningu, hvort lyktin sé eins og maður sé að koma af barnum,“ segir Ester og skellir upp úr. „Lyktin er sérstök, ég get eiginlega ekki alveg lýst henni. Þetta er sama lykt og er af gerinu hjá okkur, hún er mjög mjúk og góð. En það er ekki áfengislykt vegna þess að það er hvergi áfengi í blöndunni, enda væri fólk sennilega ekkert voðalega spennt fyrir því að anga af áfengislykt.“

## Hlýlegt andrúmsloft

Stefnt er að því að auka þjónustuna enn frekar á komandi vikum. „Við erum að fara að byrja með rútuferðir í sumar til og frá Akureyri, af því að við höfum mikið verið spurð að því hvort að við séum ekki með skutl sem við skiljum vel því það er kannski ekkert mjög skemmtilegt að vera bílstjórinn ef báða langar að fá sér bjór.“

Ester segir móttökurnar hafa verið frábærar, bæði meðal ferðamanna og landsmanna. „Við höfum fengið marga erlenda gesti en í raun er helmingur gesta Íslendingar. Það kom okkur mikið á óvart, þegar við opnuðum eftir samkomubannið, hvað það hefur verið mikið að gera. Við héldum að við myndum fara hægt og rólega af stað og byrja að vera bara með opið stutt á fimmtudögum, föstudögum og laugardögum, en það er held ég bara búið að vera meira að gera núna en það var á laugardögum síðasta sumar. Dagarnir eru fljótir að bókast upp svo við erum strax búin að bæta við sunnudögum og erum með lengri opnun á laugardögum. Ég sé alveg fram á að við bætum við fleiri dögum eftir því sem líður á sumarið. Við erum auðvitað alveg í skýjunum yfir móttökunum.“

Þá er óhætt að fullyrða að andrúmsloftið í bjórböðunum og Bruggsmiðju Kalda sé bæði vingjarnlegt og innilegt. „Allt starfsfólkið er héðan úr sveitinni, frá Árskógssandi, Hrísey og Dalvík. Þetta er sennilega stærsti vinnustaðurinn hérna á Árskógssandi, á eftir grunnskólanum,“ segir Ester og hlær.



Við ströndina eru tvær laugar. Önnur er veitingalaug þar sem skapast mjög oft skemmtileg stemning.

# Fljótandi heitar laugar í náttúruparadís

Vök Baths eru heitar náttúrulaugar við Urriðavatn í nágrenni Egilsstaða. Vatnið í laugunum kemur frá jarðhitavatni úr borholum í Urriðavatni og er það eina heita vatnið á Íslandi sem er vottað drykkjarhæft.



Heiður segir gesti mjög ánægða með nýju laugarnar. MYND/SVENNI SPEIGHT

Sérstaðan við Vök Baths er að þar eru einu fljótandi laugarnar á Íslandi. Gestir ganga yfir brú ofan á Urriðavatni sem liggur ofan í tvær stórar laugar sem kallaðar eru vakir.

„Ástæða fyrir að við köllum laugarnar vakir og ástæðan fyrir nafni staðarins er saga heita vatnsins í Urriðavatni sem er mjög merkileg,“ segir Heiður Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri Vök Baths.

„Þegar ísinn lagði á Urriðavatni á veturna mynduðust alltaf vakir á vatninu. Fólk velti fyrir sér orsökinni því sambærilegar vakir mynduðust ekki á sambærilegum vötnum á Héraði. Það spruttu upp alls kyns þjóðsögur um vakirnar. Ein var að skrímsli lægi á botninum og bryti ísinn eða bræddi hann. Önnur var að Lagarfljótsormurinn ætti undirgöng úr Lagarfljóti yfir í Urriðavatn. Vakirnar voru stundum kallaðar tuskuvakir, bæði af því talið var að ákveðið skrímsli héti því nafni og af því fólk þvoði þvotta í vökunum,“ útskýrir Heiður.

Seinna meir var borað ofan í Urriðavatn og heitt vatn fannst þar sem skýrir myndun vakanna. Heita vatnið úr Urriðavatni er í dag nýtt til upphitunar á Egilsstöðum og nágrenni.



Úti í Urriðavatni eru tvær fljótandi laugar sem kallast vakir. Vatnið í vökunum er tandurhreint jarðhitavatn. Baðstaðurinn var opnaður í fyrrasumar.

## Gestirnir geta synt í hreinasta heita vatni landsins

„Það sem er merkilegt við vatnið sjálft er að það er eina heita vatnið á Íslandi sem hefur vottun um að vera hæft til drykkjar. Það þarf ekki að sjóða vatnið heldur er hægt að neyta þess eins og það kemur úr borholunum,“ útskýrir Heiður.

„Þú ert þess vegna að baða þig í hreinasta heita vatninu á Íslandi.“

Það er ekki nóg með að gestir baðstaðarins geti synt í hreinasta heita vatni landsins. Með aðgöngumiðanum fylgir aðgangur að tebar sem býður upp á te úr heita vatninu. Gestirnir skrúfa frá krana sem leiðir heitt vatn beint frá borholunum.

„Fólk velur sér lífrænar jurtir frá Vallanesi eða Móður jörð og skrúfar síðan frá krananum og fær hreint drykkjarhæft 72–75 gráðu heitt vatn,“ segir Heiður.

Á veitingastaðnum Vök bistro og á laugarbarnum er boðið upp á bjórana Vökva og Vöku. Bjórarnir eru bruggaðir úr heita vatninu af bruggverksmiðjunni á staðnum. Í bjórana er bætt við afurðum frá Vallanesi, eins og til dæmis sítrónumelissu og bankabyggi.

## Köld úðagöng

Auk fljótandi vakanna í vatninu er Vök Baths með tvær laugar við ströndina. Önnur er veitingalaug þar sem hægt er að kaupa drykki og annað út í laugina. Heiður segir það hafa gefist vel og að skemmtileg stemning myndist mjög oft í lauginni.

„Svo erum við nýbúin að opna gufubað og köld úðagöng sem eru svolítil sérstaða líka. Við erum svolítið að leika okkur að því að fólk er mikið fyrir að kæla sig og hita til skiptis. Við vildum fara aðeins aðra leið en að vera með kaldan pott. Við ákváðum þess vegna að búa til kalda upplifun sem eru þessi úðagöng. Fólk getur farið í pottana og svo í úðagöngin eða gufuna til skiptis. En Urriðavatnið sjálft er líka kalt og fólk nýtir sér það mjög mikið að synda í því. En fólk gerir það auðvitað á eigin ábyrgð,“ segir Heiður.

Vök Baths var opnað í júlí í fyrra og hefur laugunum verið mjög vel tekið að sögn Heiðar.

„Við erum með opið allt árið. Við bjóðum upp á árskort fyrir heimamenn en sala á þeim hefur farið langt umfram væntingar. Það eiga um 800 manns árskort hjá okkur. Erlendir ferðamenn og aðrir gestir sem hafa lagt leið sína í Vök eru líka gríðarlega ánægðir. Þegar þú ert í vökunum getur þú notið náttúrunnar til hins ítrasta. Það er mikið fuglalíf á vatninu og fiskar í því. Á sumrin er yndislegt að vera þarna fram á kvöld og á veturna er mikil norðurljósavirkni yfir vatninu. Það er rosaleg upplifun að vera úti í vatninu með ís allt í kringum sig. Þetta er alveg stórkostlegur staður.“



**Fólk kemur hvaðanæva til að njóta veðurblíðu, slökunar og góðs félagsskapar í fjölmörgum heitum pottunum.**


**Jakob Þorsteinsson hefur verið forstöðumaður Sundlaugar Kópavogs í tólf ár og segir laugina vera sína uppáhalds.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


**Margir gera sér sérferð til að taka langa sundspretti í 50 metra lauginni.**

# Aldrei of gömul fyrir salíbunur

Sundlaug Kópavogs er í dálæti þjóðarinnar þegar kemur að slökun, dekri og sundi. Í garðinum er einstök veðursæld, ein stærsta laug landsins og heillandi rennibrautir.

Sundlaugargarðurinn okkar í Kópavogi er rómuð veðurparadís. Þar fer vel um sundlaugargesti enda er garðurinn stór og skjólgóður og þótt oft sé þéttsetið og mikið skeggrætt í pottunum hafa sóldýrkendur yfrið nóg pláss til að sóla sig í ró og næði,“ segir Jakob Þorsteinsson, forstöðumaður í Sundlaug Kópavogs.

Þangað sækir fólk um langan veg til að njóta einstakrar aðstöðu og frábærra sundlauga.

„Það er mikil og rótgróin sundmenning í Kópavogi og við erum vel í sveit sett að vera miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Við erum því alveg í leiðinni fyrir þá sem eru á leið úr og í vinnu en hingað koma líka margir víða að til að njóta úrvals sundlauga og heitra potta,“ segir Jakob.

## Þrjár laugar og níu pottar

Í Sundlaug Kópavogs eru þrjár sundlaugar; 50 metra, 25 metra og 10 metra langar.

„Við erum ein þriggja sundlauga á höfuðborgarsvæðinu sem eru með 50 metra langa laug en hinar eru Laugardalslaug og Ásvallalaug. Margir koma því til að reyna á sig og synda langar vegalengdir en Sundlaug Kópavogs er eina sundlaugin á landinu með aðskildar 50 metra og 25 metra sundlaugar,“ upplýsir Jakob.

Í sundlaugargarðinum eru hvorki meira né minna en sjö heitir pottar. Þar er líka kaldur pottur fyrir þá sem vilja kæla sig niður og dýrindis gufubað.

„Það er auðvitað ríkulegt að vera með allan þennan fjölda potta en við njótum þess að vera með stórt svæði og mikinn gestafjölda; alls 540 þúsund gestir komu til okkar í sund í fyrra og ekki komast þeir allir ofan í örfáa potta,“ segir Jakob á sólríkum sumardegi þegar gestir njóta þess að verma kroppinn á bakkanum eða ofan í heitu pottunum.

„Hitastig pottanna er frá 36°C upp í 42°C en við köllum 10 metra innilaugina líka pott því hún er 34°C heit kennslulaug sem meðal annars er notuð fyrir ungbarnasund en seinnipart dags er algengt að fólk komi með ungbörn sín til að busla og láta fara vel um sig í litlu lauginni, því veður hefur þar

> **Ég hef séð fólk á áttræðisaldri fara niður bröttustu og hæstu rennibrautina og skemmta sér himinsælt. Maður rekst á barnið í sjálfum sér í sundi.**

engin áhrif á ánægjulega sundferð og virkilega notalegt að vera inni.“

## Kröftugur foss og buna

Sundlaug Kópavogs er paradís fyrir börn á öllum aldri.

„Maður heyrir oft að börn vilji ekki fara neitt annað í sund en hingað í Kópavoginn enda er garðurinn skemmtilegur og margt hægt að gera sér til dundurs. Hægt er að fara í körfubolta og leika sér með leiktæki og við erum með þrjár stórar rennibrautir sem eru afskaplega skemmtilegar, misbrattar, langar og snúnar. Krökkum þykir alltaf jafn gaman að skemmta sér í rennibrautinni. Þau láta sér misjafnt veðurfar árstíðanna í léttu rúmi liggja og hlaupa sér til hita upp stigana þegar veðrið er vont,“ segir Jakob, sem iðulega sér líka til eldra fólks í rennibrautunum og það er auðvitað velkomið.

„Ég hef séð fólk á áttræðisaldri fara niður bröttustu og hæstu rennibrautina og skemmta sér himinsælt. Maður verður því aldrei of gamall fyrir salíbunu í rennibrautunum og rekst oftar en ekki á barnið í sjálfum sér í sundi.“

Stóri nuddpotturinn í Sundlaug Kópavogs er geysivinsæll enda er þar gott að hvíla lúin bein og lina stífa vöðva.

„Í nuddpottinum voru lengi vel kraftmiklir nuddstútar sem kölluðust foss og buna en þeir voru nýlega færðir í útskot í stóru lauginni því vatnið skvettist með miklum gusugangi á þá sem sátu þar við hliðina. Því fara þeir sem vilja kröftugt nudd nú í stóru laugina og menn eru mjög ánægðir með þá breytingu, enda geta þeir nú gert það sem þeim sýnist án þess að eiga á hættu að skvetta á næsta mann,“ segir Jakob og bætir við að vitaskuld sé enn hægt að fá gott nudd en mildara og með minni gusugangi í nuddpottinum.

## Gott að hitta fólk í sundi

Sundlaug Kópavogs er skiljanlega í dálæti hjá Jakobi.

„Eftir tólf ár í starfi þykir mér óneitanlega vænt um laugina, samstarfsfólkið og gestina. Hér hef ég kynnst fullt af frábæru fólki og maður sér ný andlit á hverjum degi. Þá er mikið um góða fastagesti sem koma í pottana og til að synda bæði kvölds og morgna,“ segir Jakob sæll og glaður.

„Ég held að sundlaugin sé mjög góður staður til að hitta fólk. Fæstir eru að flýta sér heldur koma til að slaka á og njóta. Því er tvímælalaust allt önnur stemning að hitta fólk fyrir í sundi en á öðrum tilfallandi stöðum og hér er ávallt góður andi og glaðvært andrúmsloft.“

Eftir tilslakanir á samkomubanni hefur nýting Sundlaugar Kópavogs mátt vera 75 prósent.

„Aðstaðan er svo stór og viðamikil að við getum hleypt miklum fjölda inn og því hafa takmarkanir á gestafjölda ekki skapað biðraðir. Við hlökkum því til sumarsins og vonum það besta, að geta nýtt laugina 100 prósent og tekið vel á móti gestum nú sem endranær, en til að kóróna góða sundferð er ómissandi að tylla sér niður yfir nýlöguðum kaffisopa, svaladrykk eða gómsætum ís í afgreiðslunni.“

Sundlaug Kópavogs er á Borgarholtsbraut 17. Sími 441 8500.

# ALLT INNIFALIÐ
## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM




ÖLL VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Smá aksturs gjald bætist við út á land
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNI 16
112 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# Af hverju tíu þúsund skref?

Almennt er talað um að til að halda sér í formi þurfi að ganga tíu þúsund skref á dag. Bæði snjallúr og líkamsræktarsmáforrit leggja þetta til. Svo virðist sem fáir viti af hverju talan er þessi.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Vísindamenn við Harvard-háskólann í Bandaríkjunum hafa reynt að finna út hvernig 10 þúsund skrefin komu til. I-Min Lee, prófessor í faraldsfræði, telur að hér sé um beina markaðssetningu að ræða. Japanskt fyrirtæki, sem seldi skrefamæla á sjöunda áratugnum, auglýsti mælana fyrir tíu þúsund skrefin. Vísindamaðurinn gat ekki sannað að þar væri upphafið að þessari reglu svo hún ákvað að fara í rannsóknarleiðangur, að því er netsíðan The Atlantic greinir frá. Eftir því sem I-Min veit best hefur raunverulegur heilsufarslegur árangur 10 þúsund skrefanna aldrei verið staðfestur með rannsóknum. Heilsufar fólks er of flókið til að hægt sé að staðfesta eina slíka tölu. Hjá sumum getur svona mikið labb valdið skaða frekar en hitt.

### Gangan skiptir máli

Sextán þúsund bandarískar konur, sem voru að meðaltali 72 ára, tóku þátt í rannsókninni sem var birt í JAMA Internal Medicine. Helstu niðurstöður voru að þær sem gengu minnst 4.400 skref á dag lifðu lengur en konur sem gengu minna. Ef þær gengu meira lifðu þær enn lengur, en mælt var allt upp í 7.500 skref.

### Fleiri skref, þeim mun betra

Önnur bandarísk rannsókn sem gerð var á fólki yfir fertugt sýnir einnig að regluleg ganga eykur lífslíkur. Fylgst var með fimm þúsund manns, þeim var fylgt eftir frá 2003–2006 og síðan aftur 2015 en þá var skoðað hversu margir höfðu fallið frá á tímabilinu. Í þeirri rannsókn kom í ljós að þeir sem hreyfðu sig meira hvern dag lifðu lengur. Þeir sem gengu 8.000 skref yfir daginn voru mun betur á sig komnir en þeir sem gengu 4.000 skref eða minna. Ef fólk gekk enn meira, eða um 12.000 skref, voru lífshorfur enn betri. Ekki skipti máli hvort fólk gekk hratt eða rólega.



Að ganga upp stiga telur skrefin og eflir heilsuna fremur en að taka lyftuna.

### Öll hreyfing til bóta

Allar rannsóknir sem gerðar eru á heilsu fólks benda til þess að dagleg hreyfing hafi góð áhrif á heilsuna. Engar niðurstöður eru þó til um hversu mikla hreyfingu þarf til að það hafi áhrif. Öll hreyfing er til bóta. Mögulega er nægilegt að hreyfa sig þrjá daga í viku fyrir suma en aðra eru það fimm dagar. Hreyfing eykur lífsgæði fólks þegar það eldist.

I-Min Lee segir ljóst að öll hreyfing bæti heilbrigði en hvort það þurfi endilega að vera 10.000 skref sé kannski ekki alveg það sem þetta snýst um. Ef fólk getur gengið svo mikið fær það vissulega aukinn kraft en með minni og hóflegri hreyfingu er líka verulegur heilsufarslegur ávinningur.

> I-Min Lee segir ljóst að öll hreyfing bæti heilbrigði en hvort það þurfi endilega að vera 10.000 skref sé kannski ekki alveg það sem þetta snýst um.

Það eru alls kyns heilsuráð sem dynja á fólki sem sögð eru góð fyrir heilsuna en henta kannski ekki öllum. Meðal þeirra er að drekka átta glös af vatni á dag, fá átta tíma svefn, að morgunmatur sé mikilvægasta máltíð dagsins og að tvö þúsund hitaeiningar þurfi á dag fyrir fullfríska manneskju. Margar þessara staðhæfinga hafa verið hraktar af vísindamönnum. Góður svefn er þó alltaf lykilatriði fyrir bætta heilsu.

### Enginn veit hvaðan hún kom

Tíu þúsund skrefa reglan, sem nú hefur ferðast um allan heiminn og hefur fundið sér stað á úlnliðum eða í vasa fólks, varð kannski til út frá markaðssetningu ákveðinnar vöru. Hugsanlega er alveg nægjanlegt að ganga 7.500 skref á dag. I-Min Lee segir að þótt ganga sé góð fyrir líkamann þá eru aðrir kostir líka góðir, til dæmis sund eða leikfimitímar.

Sömu markmið í hreyfingu gilda ekki fyrir alla. „Áframhaldandi rannsóknir og framfarir í tækni geta skapað áreiðanlegri rannsóknir í framtíðinni varðandi hreyfingu og lífsstíl," segir hún. Allir vísindamenn eru þó vissir um að öll hreyfing sé til góðs.







## Herraskór

**Targhee Mid**
Háir gönguskór
25.990 kr.

**Targhee**
Lágir gönguskór
22.990 kr.

**Newport**
Gott grip, lokuð tá
19.990 kr.

**Evofit**
Góður stuðningur, lokuð tá
20.990 kr.

**Solr Toe Post**
Léttur, gott grip
12.990 kr.

**Newport H2**
Lokað hælband, lokuð tá
17.990 kr.

**Open Toe Sandal**
Stillanlegur á 3 stöðum
15.990 kr.

**Rialto II**
Leður, stillanlegt hælband, lokuð tá
21.990 kr.

## Dömuskór

**Targhee Mid**
Háir göngskór
25.990 kr.

**Targhee**
Lágir gönguskór
22.990 kr.

**Venice**
Lokað hælband og tá
16.990 kr.

**Evofit**
Góður stuðningur, lokuð tá
20.990 kr.

**Elle Backstrap**
Úr endurunnum efnum
14.990 kr.

**Solr Toe Post**
Léttur, gott grip
12.990 kr.

**Venice II H2**
Stillanlegt hælband, lokuð tá
15.990 kr.

**Clearwater CNX**
Léttir, lokuð tá
17.990 kr.

ggsport.is

**Í vefverslun okkar má finna meira úrval af góðum skóm og öðru sem þarf í ævintýri sumarsins!**

GG·sport

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opið virka daga 10:30-18 og laugardaga 11-15

## Merkisatburðir



**1741** Ferming barna er lögfest á Íslandi en hafði áður tíðkast um aldaraðir.
**1958** London Gatwick-flugvöllur er opnaður.
**1963** Alþingiskosningar eru haldnar á Íslandi.
**1994** Síldin kemur aftur í íslenska landhelgi eftir 26 ára hlé.
**1999** Kosóvóstríðið: Friðarsamningur er undirritaður milli Júgóslavíu og NATO.

---



†

Móðursystir okkar og fóstra,
**Sigríður Einarsdóttir**
Lækjarbrekku,
lést sunnudaginn 7. júní.

**Einar Ólafsson**
**Þorsteinn Ólafsson**
**Einar Aagestad**
**Sævar Aagestad**
**Hlédís Guðmundsdóttir**
**Helga Óladóttir**

HjartaHeill
Minningarkort á **hjartaheill.is**
eða í síma 552 5744

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi — SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfsdóttir


Sverrir Einarsson


Margrét Ásta Guðjónsdóttir

**Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242** • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242




*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Vesturhlíð 2**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

---



†

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
**Ingimundur Kristján Ingimundarson**
skipstjóri,
Mánatúni 4,
lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, sunnudaginn 7. júní. Útförin fer fram frá Áskirkju, föstudaginn 19. júní kl. 15.00.

**Hafdís Ingimundardóttir** — **Þórir B. Guðmundsson**
**Ólöf Ingimundardóttir** — **Þorvaldur G. Geirsson**
**Ingimundur Þ. Ingimundarson** — **Sigríður Á. Sigurðardóttir**
**S. María Ingimundardóttir** — **Friðgeir Halldórsson**
**Þorvaldur Ingimundarson** — **Rós Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Sigurður E. R. Lyngdal**
kennari,
Aðallandi 1,
lést á Landspítalanum miðvikudaginn 3. júní.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, föstudaginn 12. júní, klukkan 13. Streymt verður frá athöfninni:
https://www.facebook.com/groups/Sigurdurlyngdal/

**Magnea Antonsdóttir**
**Reynir Lyngdal** — **Elma Lísa Gunnarsdóttir**
**Anton Lyngdal**
**Kristín Ýr Lyngdal** — **Kjartan Traustason**
**Una Margrét Lyngdal, Nína Magnea Lyngdal og Klara Lyngdal**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
**Valgerður Jónsdóttir Blomsterberg**
áður til heimilis að Fjarðargötu 19, Hafnarfirði,
lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þann 26. maí.
Útför Valgerðar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 16. júní klukkan 15.

**Birna Blomsterberg** — **Ingvar J. Viktorsson**
**Hrafnhildur Blomsterberg** — **Birgir Finnbogason**
**Valur Blomsterberg**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



†

Okkar ástkæri
**Ingólfur Skagfjörð Hákonarson**
lést 3. júní á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði.
Útför hans fer fram frá Hveragerðiskirkju fimmtudaginn 11. júní kl. 14.00.
Jarðsett verður að Kotstrandarkirkju.

**F.h. aðstandenda,**
**Hreinn S. Hákonarson**
**Jóhann Hákonarson**
**Emil Ingi Hákonarson**
**Hákon Varmar Önnuson**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
**Guðjón Gestsson**
Stekkholt 30, Selfossi,
lést mánudaginn 1. júní.
Útför hans fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 11. júní klukkan 14.00.

**Rannveig J. Einarsdóttir**
**Rúnar Guðjónsson**
**Ingunn Guðjónsdóttir**
**Gestur Guðjónsson** — **Aðalbjörg Eggertsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Eiginmaður minn,
**Eggert Vigfússon**
Fyrrverandi slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu
Austurvegi 39,
Selfossi,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 2. júní sl. Útförin hefur farið fram.
Þökkum auðsýnda samúð.

**Hulda Vilhjálmsdóttir**
**Guðrún, Helgi, Vilhjálmur og fjölskyldur**

---



†

Ástkær móðursystir okkar,
**Anna Pálína Þórðardóttir**
lést á HSN á Sauðárkróki miðvikudaginn 3. júní.
Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju, föstudaginn 12. júní kl. 14.00.
Streymt verður frá athöfninni á Facebooksíðu Sauðárkrókskirkju.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjálfsbjörg í Skagafirði, banki 0310-13-300424, kt. 570269-0389.

**Sigurður Sigfússon**
**Stefanía Sigfúsdóttir**
**Ingvi Þór Sigfússon**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



†

Hjartkær maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Sigurjón Á. Fjeldsted**
fyrrv. skólastjóri,
sem lést 30. maí 2020, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni föstudaginn 12. júní 2020 kl. 15.00.
Við þökkum öllu starfsfólki á líknardeild Landspítalans umönnun og hlýhug.

**Ragnheiður Óskarsdóttir Fjeldsted**
**Ragnhildur Fjeldsted** — **Einar Sveinn Þórðarson**
**Júlíus Fjeldsted** — **Áslaug Salka Grétarsdóttir**
**Ásta Sigríður Fjeldsted** — **Bolli Thoroddsen**
**og barnabörn.**

---



†

Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,
**Friðrik Guðmundsson**
Lyngmóa 17, Reykjanesbæ,
lést á heimili sínu þriðjudaginn 2. júní.
Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 12. júní klukkan 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Duchenne vöðvarýrnun á Íslandi, reikningsnúmer 111-26-10315, kt. 640512-2610.

**Guðmundur Sigurðsson** — **Kolbrún Geirsdóttir**
**Gunnfríður Friðriksdóttir** — **Antonio Manuel Goncalves**
**Kolbrún Guðmundsdóttir** — **Karl Kristján Davíðsson**
**Salka Snæbrá og Kolbeinn Friður**

---



†

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, sambýlismaður og afi,
**Jóhann Þórður Guðmundsson**
húsasmíðameistari,
Brekkugötu 1, 210 Garðabæ,
lést sunnudaginn 5. apríl á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hans fer fram frá Lindakirkju, föstudaginn 12. júní 2020, kl. 13.00.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildarinnar fyrir hlýju og góða umönnun.

**Sigurður Jóhannsson** — **Hildur Sigurjónsdóttir**
**Guðmundur Jóhannsson** — **Unnur Ósk Björgvinsdóttir**
**Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir**
**Atli Þór Jakobsson**
**Þórunn Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**

# LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDS-HLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.

ORKAN

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | 3 |
| Ísafjörður | 5 | 7 |
| Akureyri | 10 | 3 |
| Egilsstaðir | 14 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 11 | 3 |
| Hveravellir | 3 | 1 |

Vestlæg eða breytileg átt 3–8 og dálítil rigning eða skúrir í dag, en yfirleitt þurrt austanlands. Hiti 8 til 13 stig, en 13 til 19 á Norður- og Austurlandi að deginum.

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 14 | 2 |
| Ísafjörður | 11 | 2 |
| Akureyri | 14 | 5 |
| Egilsstaðir | 9 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | 14 | 1 |
| Hveravellir | 8 | 7 |

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 | 4 |
| Ísafjörður | 7 | 5 |
| Akureyri | 14 | 3 |
| Egilsstaðir | 17 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 12 | 2 |
| Hveravellir | 7 | 8 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. örva
5. sepi
6. átt
8. málaleitun
10. tveir eins
11. skilaboð
12. spilda
13. viðureign
15. reiknirit
17. kauða

**LÓÐRÉTT**
1. veggur
2. þurfti
3. ái
4. svipan
7. dvöl
9. dálitlu
12. arra
14. krap
16. íþróttafélag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. hvata, 5. laf, 6. nv, 8. erindi, 10. ðð, 11. orð, 12. skák, 13. leik, 15. algrím, 17. gaura.
**LÓÐRÉTT:** 1. hleðsla, 2. varð, 3. afi, 4. andrá, 7. viðkoma, 9. nokkru, 12. siga, 14. elg, 16. ír.

## Skák Gunnar Björnsson

Uchimuara átti leik gegn Schain í Bandaríkjunum árið 1980.

**1. Hb6! axb6 2. Re7+ Kh8 3. Dxh7+! Kxh7 4. Hh5# 1-0**. Helgi Áss Grétarsson, sem tefldi fyrir Hótel Selfoss, Hannes Hlífar Stefánsson, sem tefldi fyrir SG Húseiningar, og Arnar Gunnarsson, sem tefldi fyrir Ísey skyr urðu efstir og jafnir á Firmakeppni SSON sem fram fór á sunnudaginn.

**www.skak.is:** Firmakeppni SSON.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 7 | 6 |
| 1 | 4 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 3 |
| 4 | 7 | 2 | 1 | 9 | 3 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 | 4 | 9 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 |
| 8 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 |
| 4 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 6 | 2 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 2 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 | 9 | 7 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 3 | 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 | 7 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 2 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**Probi® Járn - mjólkursýrugerlar, járn, C vítamín og fólasín - fyrir aukna uppöku járns og til að viðhalda góðum járngildum**



Caroline Montelius
PhD. Probi AB, Svíþjóð

*„Probi® Járn vinnur gegn járnskorti á alveg nýjan máta, með því að auka upptöku járns, ekki eingöngu inntöku. Klínískar rannsóknir liggja að baki vörunni og með því að styðja við aukna járnupptöku er inntökuþörf járns að sama skapi minni og því minnkar samhliða hættan á mögulegum óþægindum tengdum meltingu sem má ef til vill rekja til notkunar á háskammta járnbætiefnum. Útkoman er því jafnari upptaka járns, magi og melting í jafnvægi og heilbrigðari þarmaflóra."*




abel heilsuvörur
www.abelheilsuvorur.is




Beltone Amaze™
Jafnvel þögnin verður verðmætari
Hágæða heyrnartækin frá Beltone Amaze™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Þú upplifir þögnina á nýjan hátt þegar þú leggur við hlustir með Beltone Amaze™. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN







# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### HRINGBRAUT

**20.00 Tilveran** Fjallað er um sálgæslu og mannrækt í samfélagi nútímans.
**20.30 Lífið er lag** Þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
**21.00 21 - Fréttaþáttur á þriðjudegi** 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
**21.30 Bærinn minn** Í þættinum segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.

### RÚV SJÓNVARP

**09.00 Heimaleikfimi**
**09.10 Spaugstofan 2002-2003**
**09.35 Popppunktur 2010 Átta liða úrslit. Skriðjöklar - Mammút**
**10.25 Gleðin í garðinum**
**10.55 Úr Gullkistu RÚV. Út og suður**
**11.20 Á tali hjá Hemma Gunn 1992-1993**
**12.40 Kastljós**
**12.55 Menningin**
**13.05 Basl er búskapur**
**13.35 Nálspor tímans**
**14.05 Gettu betur 2003 MS-MH**
**14.55 Íslenskur matur**
**15.20 Menningin - samantekt**
**15.55 Matur með Kiru**
**16.25 Poppkorn 1986**
**16.50 Íslendingar Sigurður Demetz**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.29 Hönnunarstirnin III**
**18.47 Bílskúrsbras**
**18.50 Gunnel Carlson heimsækir Ítalíu**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Mömmusoð**
**20.15 Treystið lækninum** Fræðandi þættir frá BBC um heilsufar, lífsstíl og heilsufarstengdar mýtur. Umsjónarmaður: Michael Mosley.
**21.05 Síðustu dagar heimsveldisins The Last Post**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Glæpasveitin The Team II** Evrópskir spennuþættir um hóp rannsóknarlögreglumanna hjá Interpol sem vinna saman þvert á landamæri gegn hættulegum glæpasamtökum. Þetta er önnur þáttaröðin um Glæpasveitina. Í aðalhlutverkum eru Marie Bach Hansen, Jürgen Vogel og Lynn Van. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Vegir Drottins Herrens veje I**
**00.15 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**07.00 PGA Tour 2020** Útsending frá lokadegi Sentry Tournament of Champions.
**12.10 PGA Tour 2020** Útsending frá Sony Open in Hawaii.
**15.40 PGA Tour 2020** Útsending frá The American Express.
**18.00 PGA Tour 2020** Útsending frá Farmers Insurance Open.
**23.30 PGA Tour. The Cut** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni.

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**11.30 Dr. Phil**
**12.15 The Late Late Show**
**13.00 The Bachelorette**
**14.25 Will and Grace**
**14.50 The Block**
**16.05 How I Met Your Mother**
**16.25 How I Met Your Mother**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.05 The Mick**
**19.30 The Neighborhood** Bandarísk gamanþáttaröð með Cedric the Entertainer í aðalhlutverki. Hann leikur fjölskylduföður í rótgrónu hverfi blökkumanna í Los Angeles sem bregður í brún þegar hann kynnist nýju nágrönnunum.
**20.00 The Block**
**21.00 Reef Break**
**21.50 The InBetween**
**22.45 Blood and Treasure**
**23.20 The Late Late Show**
**00.05 FBI**
**00.50 Bull**
**01.35 Chicago Med**
**02.20 Stumptown**
**03.05 Beyond**
**04.00 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Lofthelgin**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Hvar erum við núna?**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.40 Kvöldsagan. Elín, ýmislegt** (12 af 13)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.25 Paterno**
**13.05 Týndi hlekkurinn**
**14.35 Just Married**
**16.10 Paterno**
**17.50 Týndi hlekkurinn**
**19.25 Just Married**
**21.00 Blade Runner 2049**
**23.35 American Renegades**
**01.20 Sniper. Ultimate Kill**
**02.50 Blade Runner 2049**

### STÖÐ 2

**08.00 Heimsókn**
**08.20 Masterchef USA**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Gilmore Girls**
**10.05 The Village**
**10.45 First Dates**
**11.35 NCIS**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Britain's Got Talent**
**13.50 Britain's Got Talent**
**14.40 Truth About Carbs**
**15.40 Stelpurnar**
**16.00 Grand Designs**
**16.50 Friends**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Einkalífið**
**19.35 The Goldbergs**
**20.00 God Friended Me**
**20.40 Shrill**
**21.10 Strike Back**
**22.00 Pressa**
**22.50 Last Week Tonight with John Oliver**
**23.20 The Bold Type**
**00.05 Dublin Murders**
**01.05 Insecure**
**01.40 Mr. Mercedes**
**02.25 Mr. Mercedes**
**03.15 Mr. Mercedes**
**04.10 Mr. Mercedes**

### STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00 Bernaefni**
**20.00 Friends**
**20.20 Friends**
**20.45 Modern Family**
**21.05 Supernatural**
**21.45 It's Always Sunny In Philadelpia**
**22.10 The Deuce**
**23.05 DC's Legends of Tomorrow**
**23.50 Friends**
**00.10 Friends**
**00.35 Modern Family**

### STÖÐ 2 SPORT

**08.00 Arsenal - Man. United 98/99**
**08.25 Stjarnan 2014**
**10.00 Meistarakeppni kvenna. Valur - Selfoss**
**11.40 Afturelding - HK** Útsending frá leik í Mjólkurbikar kvenna 2020.
**13.20 Valur - Víkingur** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla 2019.
**15.05 FH - Valur**
**16.50 Breiðablik - FH**
**18.35 Dómaraumræðan**
**19.05 UCL Classic Matches** Eftirminnilegir leikir úr sögu Meistaradeildar Evrópu rifjaðir upp.
**19.55 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
**20.25 Barnsley - Manchester United 97/98**
**20.50 Rory McIlroy. 2019 RBC Canadian Open**
**21.00 KR - Valur**
**22.50 Breiðablik - Fylkir**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**10.00 Sevilla - Atletico Madrid 15/16** Eftirminnilegir leikir úr sögu spænsku úrvalsdeildarinnar.
**11.40 Atletico Madrid - Barcelona 15/16**
**13.25 Atletico Madrid - Real Madrid 15/16**
**15.05 Sevilla - Barcelona 15/16**
**16.45 Valencia - Real Madrid 15/16**
**18.30 Barcelona - Athletic Club 15/16**
**20.20 Real Madrid - Atletico Madrid 15/16**
**22.05 Rayo Vallecano - Real Madrid 15/16**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


DÝNU
DAGAR
Sérsníðum dýnur í öllum stærðum og gerðum
fyrir hjónarúmið, bústaðinn, hjólhýsið, húsbílinn,
fellihýsið eða barnarúmið.
20% afsláttur af öllum dýnum.
Komdu og gerðu frábær kaup
Vogue
FYRIR HEIMILIÐ
VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

# Allt gekk eins og í góðri sögu

Verðlaunahátíð barna, Sögur, fór fram í þriðja sinn á laugardaginn. Um sjötíu börn komu að hátíðinni með einum eða öðrum hætti en á henni voru frumflutt þrjú lög eftir unga og upprennandi höfunda, sem sungin voru af Sölku Sól, Króla og Valdimar.

Sögur – verðlaunahátíð barnanna var haldin í þriðja sinn á laugardaginn. Hátíðin fór fram í Borgarleikhúsinu og var í beinni útsendingu á RÚV. RÚV, Menntamálastofnun, Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, Borgarbókasafnið, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og List fyrir alla standa saman að hátíðinni.

„Verkefnið er uppskeruhátíð Sögu-verkefnisins, sem er í gangi allt árið. Krakkar geta sent inn sögurnar sínar og þær bestu eru svo valdar. Þær eru svo unnar áfram með fagfólki og afraksturinn er síðan kynntur á hátíðinni,“ segir Sigyn Blöndal, verkefnastjóri KrakkaRÚV og aðalskipuleggjandi hátíðarinnar, en hún var kynnir á hátíðinni.

Sigyn segir hátíðina hafa gengið einstaklega vel.

„Þetta er mikil skipulagning því um sjötíu krakkar koma að hátíðinni með einum eða öðrum hætti. Helmingurinn af þeim tók þátt í upphafsatriðinu sem var til heiðurs Sigrúnu og Þórarni Eldjárn, sem hlutu heiðursverðlaun á hátíðinni. Þar dansaði langafi prakkari við Kugg, Málfríði og mömmu hennar, Sigurfljóð og Bétvo og svo sáum við Símalandi í Símalandi bregða fyrir ásamt honum Guðmundi á Mýrum sem borðar bækur. Um fjörutíu krakkar komu svo upp á svið að taka við sínum verðlaunum og viðurkenningum. Allt gekk þetta eins og í góðri sögu og allir fóru skælbrosandi heim,“ segir hún.

Salka Sól, Valdimar og Króli fluttu svo lög sem krakkar sömdu.

„Það er algjörlega yndislegt að sjá þessa viðbót við verkefnið en þetta er í fyrsta skipti sem tekið er við lagi og texta eftir krakka. Þetta er einnig tækifæri fyrir krakka til að verðlauna það sem þeim fannst bera af í menningarlífinu síðastliðið ár. Það er kosið í nokkrum flokkum, tónlist, sjónvarpi, leikhúsi og fleiru. Þetta er því eins og Gríman, Íslensku tónlistarverðlaunin og Eddan en krakkar ráða því hver vinnur,“ segir hún.

Það er bannað að halda langar ræður á hátíðinni en ef það gerist á viðkomandi von á því að fá á sig slím.

„Ísgerður Gunnarsdóttir og Jóhannes Ólafsson fengu aldeilis að finna fyrir því þegar þau tóku á móti verðlaunum fyrir barna- og unglingaþátt ársins sem og leikhópurinn í Mömmu Klikk sem vann fyrir leiksýningu ársins.“

**steingerdur@frettabladid.is**



**Tónlistarmaðurinn Auður lokaði frábærri og einstaklega vel heppnaði hátíð með stæl.** MYNDIR/RAGNAR VISAGE

## Vinningshafar:

**Heiðursverðlaun**
Sigrún Eldjárn
Þórarinn Eldjárn

**Lag ársins** Think about Things – Daði og gagnamagnið
**Flytjandi ársins** Daði og gagnamagnið
**Texti ársins** Ferðumst innanhúss – Leifur Geir Hafsteinsson
**Barna- og unglingaþáttur í sjónvarpi** Krakkafréttir – RÚV
**Fjölskylduþáttur í sjónvarpi** Allir geta dansað – Stöð 2
**Sjónvarpsstjarna ársins** Steindi Jr.
**Leiksýning ársins** Mamma klikk – Gaflaraleikhúsið
**Leikkona/leikari ársins** Auðunn Sölvi Hugason – Mamma klikk

**Bókaverðlaun barnanna**
**Íslenskar bækur** Orri óstöðvandi eftir Bjarna Fritzson
**Þýddar bækur** Dagbók Kidda klaufa – Allt á hvolfi, þýðing Helgi Jónsson

**Smásaga ársins**
**Yngri flokkur** **Drekaspor** eftir Högna Frey Harðarson
**Eldri flokkur** **Ég og díselvandinn** eftir Þorkel Kristin Þórðarson

**Handrit ársins – Stuttmyndir**
**Kötturinn sem talaði** eftir Guðrúnu Önnu Jónsdóttur
**Ævintýri í Egyptalandi** eftir Emmu Ósk Jónsdóttur
**Ritsmiðjan** eftir Sveinbjörgu Láru Kristjánsdóttur, Ardísi Unni Kristjánsdóttur og Höllu Björgu Ingvarsdóttur
**Töfrapúslið** eftir Dagnýju Báru Stefánsdóttur
**Tinna 368** eftir Ester Míu Árnadóttur
**Telma og Konráð** eftir Urði Eir Baldursdóttur

**Tónlist ársins**
**Stúlka uppi á stól** eftir Ljósbjörgu Helgu Daníelsdóttur
**Pabbi minn er prestur** eftir Karolinu Tarasiewicz, Ásgerði Júlíusdóttur, Birgittu Rúnarsdóttur og Gabríelu Uscio
**Kliður í fjöllunum** eftir Andrés Illuga Gunnarsson

**Handrit ársins – Leikrit**
**Yngri flokkur** **Skrímslalíf** eftir Eyþór Val Friðlaugsson
**Eldri flokkur** **Tímaflakkið mikla** eftir Júlíu Dís Gylfadóttur, Kristbjörgu Kötlu Hinriksdóttur og Þóreyju Hreinsdóttur



**Forseti Íslands afhendir Högna Frey verðlaun fyrir smásöguna Drekaspor.**



**Systkinin Sigrún og Þórarinn Eldjárn hlutu heiðursverðlaun á hátíðinni.**



**Höfundar sagna í rafbókinni RisaStórarSmáSögur taka við viðurkenningu.**



**Krakkar í upphafsatriðinu sem var tileinkað Sigrúnu og Þórarni Eldjárn.**



**Gabríela, Karolina, Birgitta og Ásgerður taka við verðlaunum fyrir lagið sitt.**

# GRILLDAGAR

## KYNNINGARTILBOÐ Á ÖLLUM GASGRILLUM

20% AFSLÁTTUR




**Triton PTS 3.0 gasgrill**
– 3 öflugir brennarar, 10,5kW
– PTS kerfi sem veitir jafnan hita
– Grillflötur: 65 x 44 cm
Verð áður: 79.995
**Kynningartilboð: 63.996**

LANDMANN Your World of BBQ

20% AFSLÁTTUR



**Australia gasgrill**
– 4 kraftmiklir brennarar, 16,8kW
– Grillflötur úr steypujárni
– Grillflötur: 64 x 44,5 cm
Verð áður: 114.995
**Kynningartilboð: 91.996**

OUTDOORCHEF SWISS GRILL INNOVATION

## TILBOÐ Á GRILLÁHÖLDUM FRÁ KÜCHENPROFI

25% AFSLÁTTUR



Grillsett í tösku
Verð áður: 8.995
**Tilboð: 6.746**



BBQ reykbox
Verð áður: 3.495
**Tilboð: 2.621**



Nevada grillpanna
Verð áður: 5.995
**Tilboð: 4.496**



Digital kjöthitamælir
Verð áður: 6.995
**Tilboð: 5.246**



Kjúklingastandur
Verð áður: 5.995
**Tilboð: 4.496**



Grilláhöld, 2 stk
Verð áður: 5.995
**Tilboð: 4.496**



Smáréttagrillform
Verð áður: 4.495
**Tilboð: 3.371**



Viðargrilltöng
Verð áður: 2.295
**Tilboð: 1.721**

**byggtogbúið**

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

GILDIR 5.–21. JÚNÍ EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST









„Það er húmor í þessu og alls konar augnablik, sum þeirra svolítið skrýtin,“ segir Christopher. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.

# Beinir athyglinni að ferðamanninum

**Christopher Lund** opnaði ljósmyndasýningu sína, Vitni, á laugardaginn við góðar undirtektir. Viðfangsefni Christophers er það hvernig ferðamaðurinn upplifir og sér Ísland. Hann trúir að viðhorf okkar til túrista sé að breytast, nú þegar við sjáum minna af þeim.

Ljósmyndasýning Christophers Lund, Vitni, var opnuð við gríðarlega góðar viðtökur um helgina. Vitni er partur af Listahátíð í ár, sem fram fer með breyttu sniði. Christopher er einstaklega ánægður með mætingu á sýninguna, sérstaklega í ljósi þess að gestir voru beðnir um að mæta dreift yfir daginn en ekki endilega allir á sama tíma líkt og tíðkast oft á listsýningum.

„Ég hef starfað sem ljósmyndari í rúmlega tuttugu ár. Eða ætli það séu komin tuttugu og fimm?“ spyr hann sjálfan sig.

Hann segist hafa verið í almennri ljósmyndun í gegnum tíðina en hefur lagt ríkari áherslu á landslagsljósmyndun síðasta áratuginn.

„Ég hef starfað sem leiðsögumaður í ljósmyndatengdri ferðaþjónustu síðustu árin. Þá eru þetta oft sex til tíu daga ferðir og litlir hópar. Þá veiti ég þeim leiðsögn um hvar best sé að taka myndir. Þannig að ég upplifi það beint þegar þessi mikla skriða fer af stað í ferðamennskunni, svona um 2010. Í starfi mínu kynntist ég vel hinum almenna ferðamanni,“ segir hann.



**Sýningin fer fram á Ljósmyndasafni Reykjavíkur.** MYND/CHRISTOPHER LUND

## Túristi eða gestur?

Fókus sýningarinnar er einmitt ferðamaðurinn.

„Ég velti fyrir mér til dæmis skilgreiningu okkar á orðinu túristi. Fólk var farið að nota það sem eitthvað neikvætt. Um leið og orðið túristi var notað þá þótti það ákveðin aðgreining, annars vegar við og hins vegar þau. En þegar við notum orðið gestir, þá um leið þurfum við svolítið að taka ábyrgð á þessu fólki. Tryggja að það fari sér ekki að voða og fái gott að borða,“ segir Christopher og hlær.

*Heldur þú að á næstunni muni þetta breytast og orðið túristi verði notað í jákvæðari merkingu?*

„Ég held að við séum nú þegar farin að sakna þeirra. Það er náttúrlega alveg ljóst að ferðaþjónustan er farin að sakna þeirra og efnahagurinn saknar þeirra. Fólk er smátt og smátt að átta sig á þessu, er að snúa kannski aftur til vinnu, ætlar á uppáhaldsveitingastaðinn sinn og þá er hann kannski lokaður. Það var vegna mikils fjölda ferðamanna að hér var blómlegur veitingahúsarekstur alls staðar,“ segir hann

Nafn sýningarinnar, Vitni, hefur margþætta þýðingu að sögn Christophers.

„Þau eru náttúrlega vitni að okkar náttúru. Með því að beina athyglinni að ferðamanninum, vitninu, langaði mig að stíga skrefið í áttina að honum og rjúfa þann ósýnilega múr sem virðist vera á milli okkar. Í sumar verða svo Íslendingar þessi vitni. Þetta er í raun ákveðinn hringur sem myndast þarna. Þetta er að vissu leyti manleg stúdía, þessi sýning. Það er húmor í þessu og alls konar augnablik, sum þeirra svolítið skrýtin. Ég er síðan ekki með neinn myndatexta þar sem ég vil fá áhorfendur til að velta því fyrir sér hvað sé að gerast á myndinni, hvaðan kemur þetta fólk? Ég vildi frekar leyfa þeim að lesa í verkið og leyfa þessum spurningum að vakna,“ segir hann.

## Fyndinn söknuður

Christopher býr miðsvæðis þar sem mikið var um íbúðir leigðar út til ferðamanna.

„Ég sef með opinn gluggann og því vaknaði ég oft við hljóðið frá dekkjunum á ferðatöskum túrista á næturnar. Svo um daginn er ég nýsofnaður og heyri þetta töskuhljóð og hugsa um leið: „Ha, ferðamaður?“ en þá fattaði ég að þetta var hjólabretti,“ segir Christopher og hlær. „Mér fannst þetta svo merkilegt að ég var raunverulega glaður að heyra þetta hljóð, sem pirraði mig fyrir kannski hálfu ári síðan,“ bætir hann við.

Sýningin fer fram á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og hún stendur til 13. september 2020.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


Við tjöldum því besta
Yfir 40 gerðir af tjöldum
HILLEBERG THE TENTMAKER
Vango
Vango Alpha
3000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 22.995,-
3 manna verð kr. 24.995,-
4 manna verð kr. 28.995,-
Hilleberg Nallo GT
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 175.995,-
Vango Beta
3000mm vatnsheldni
3 manna verð kr. 44.995,-
4 manna verð kr. 49.995,-
5 manna verð kr. 60.995,-
Vango Stargrove II
3000mm vatnsheldni
4 manna+ verð kr. 95.995,-
Vango Tempest Pro
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 45.995,-
3 manna verð kr. 50.995,-
Vango Pulsar Pro
5000mm vatnsheldni
2 manna+ verð kr. 48.995,-
3 manna+ verð kr. 56.995,-
Vango Winslow II
3000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 64.995,-
Vango Hudson
4000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 85.995,-
5 manna verð kr. 97.995,-
6 manna verð kr. 109.995,-
Vango Amalfi AirBeam
4000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 126.995,-
Vango Ascott II
3000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 59.995,-
Vango Lumley AirBeam
3000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 140.995,-
Vango Winslow II AirBeam
3000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 112.995,-
Valin tjöld uppsett í verslun • Frábært úrval af tjaldhúsgögnum
MAMMUT SWISS 1862
KLYMIT
PRIMUS
Vango
Princeton Tec
HILLEBERG THE TENTMAKER
RUDY PROJECT
GREGORY
EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is

FRÉTTABLAÐIÐ
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is




BAKÞANKAR

Hauks Arnar Birgissonar



# Aulinn ég

Frá því börnin mín fæddust hef ég stundað veiðar, bæði stangveiði og skotveiði. Í þau skipti sem mér tekst að veiða eitthvað, þá hef ég haft það fyrir reglu að koma heim með bráðina og verka hana á eldhúsborðinu – fyrir framan börnin. Engan tepruskap! Lögmál náttúrunnar, gangur lífsins – og allt það.

Það eru ekki nema tvær vikur síðan pistill eftir mig birtist hér á þessum stað, þar sem ég fann að foreldrum sem eiga það til að ofvernda börnin sín. Foreldrum sem halda börnum sínum frá áföllum, mótlæti og aðstæðum sem gætu sært tilfinningar þeirra. Boðskapurinn var sá að slíkt uppeldi væri líklegast ekki gott til frambúðar. Það væri mikilvægt að búa börnin undir harðan veruleikann sem biði þeirra. Ekki liðu nema 10 dagar þar til mér tókst að hunsa mínar eigin viskufullu ráðleggingar.

Dóttir mín, sem er átta ára, hefur lengi verið áhugasöm um hesta. Einhyrningar eru í sérstöku uppáhaldi en þar sem okkur hefur lítið gengið að finna slíka gæðinga á akstri okkar um Þjóðveginn hafa aðrir hestar og folöld náð að fanga athyglina og glætt áhugann. Það var svo í gær sem þessi elska byrjaði á reiðnámskeiði, eftir langa bið og mikla eftirvæntingu.

Um helgina grillaði ég folaldalundir og hafði í kvöldmatinn. Henni fannst grillkjötið meiri háttar gott og við beiðni hennar um ábót lék henni forvitni á að vita hvers konar kjöt þetta eiginlega væri. Verandi þetta grjótharða „ekkert kjaftæði“-foreldri sem ég er, svaraði ég án þess að hika „þetta er svona brúnt kjöt“. Fleiri voru þau orð ekki. Skák og mát.







